



Náttúruminjasafn Íslands

Ársskýrsla 2023





Náttúruminjasafn Íslands

Ársskýrsla 2023

Ávarp forstöðumanns

Öflug starfsemi Náttúruminjasafnsins við erfiðar kringumstæður

Miðlun og fræðsla

Móttaka skólahópa	Aðrar sýningar
Fróðleiksbrunnur	Viðburðir og samstarf
Sýning í nýjum höfuðstöðvum, Náttúruhúsi í Nesi	

Rannsóknir

Jón Guðmundsson lærði	Svartárkot, menning – náttúra
Hvað er náttúra?	Heildarkortlagning óbyggðra víðerna á Íslandi
Náttúrur og fornar frásagnir	

Rannsóknarstyrkir og samstarf

Íslandssléttbakur	Horizon 2020 ArcticHUBS
Rannís rannsóknasjóður	Nýsköpunarsjóður námsmanna
Nordic Biodiversity Framework	

Safnkostur

Gjafir	Útlán muna
Sarpur	

Útgáfa

Náttúrufræðingurinn	Vefsetur Náttúruminjasafnsins
Samfélagsmiðlar NMSÍ	Ritlisti
Vefsetur Náttúrufræðingsins	Fyrirlestrar og málþing
Ársskýrsla 2022	Veggspjöld

Mannauður

Starfsfólk	Starfsþróun
------------	-------------

Grænu skrefin**Fjármál**

Ávarp forstöðumanns

Öflug starfsemi Náttúruminjasafnsins við erfiðar kringumstæður



Dr. Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands

Enn eitt árangursríkt og gefandi starfsár er að baki í starfsemi Náttúruminjasafns Íslands, 16. starfsár safnsins. Ársskýrsla þessi fyrir árið 2023 ber glöggvitni um þau miklu gæði og fjölbreytni í starfi sem starfsfólk safnsins innir af hendi af elju, heilindum og áhuga, jafnt á sviði safn- og munavörslu, rannsókna og miðlunar. Þessi staða er aðdáunarverð með hliðsjón af því hve fámenn stofnunin er – þar vinna ekki nema 12–14 starfsmenn í tíu ársverkum. Starfsfólk Náttúruminjasafnsins á miklar þakkir skilið fyrir vönduð vinnubrögð og framlag sitt við að halda starfsemi safnsins gangandi með glæsibrag.

Áhugaverðir og ánægjulegir áfangar í starfseminni

Af mörgu áhugaverðu og ánægjulegu er að taka í starfsemi ársins, eins og fram kemur í einstökum köflum ársskýrslunnar sem fylgir hér á eftir. Ég vek sérstaklega máls á þrennu sem varðar framtíðarmálefni Náttúruminjasafnsins.

Stefna Náttúruminjasafnsins 2023–2027

Í fyrsta lagi ber að nefna að í janúar var langþráð innri stefna Náttúruminjasafnsins fyrir árabilið 2023–2027 samþykkt og viðtekin bæði hjá starfsfólki safnsins og í menningar- og viðskiptaráðuneytinu.

Aðdragandinn að gerð stefnunnar var óvenju langur, en vinna við hana hófst í byrjun árs 2008 í tíð Helga Torfasonar, fyrsta forstöðumanns Náttúruminjasafnsins, sem gegndi þeim starfa til vors 2012. Margvíslegar ástæður liggja að baki hægaganginum. Framan af voru sjónarmið forstöðumanns og ráðuneytis ólík um megináherslur í efnistöðum og framkvæmd starfseminnar. Síðar, í tíð undirritaðs, hefur óvissa um framtíðaraðstöðu safnsins einkum tafið frágang stefnunnar, eða fram á haust 2020 þegar ákvörðun var tekin um að höfuðstöðvar Náttúruminjasafns Íslands skyldu vera á Seltjarnarnesi.

Skipurit Náttúruminjasafnsins, framtíðarsýn og gildi stofnunarinnar voru unnin samhlíða stefnu safnsins. Starfseminni er skipt í fjögur megin svið auk skrifstofu forstöðumanns: 1) framkvæmda- og rekstrarsvið; 2) safnasvið (söfnun, skráning, varðveisla); 3) rannsóknasvið, 4) miðlunarsvið. Starfsemi framkvæmda- og rekstrarsviðs gengur þvert á faglegu sviðin þrjú, safnasvið, rannsóknasvið og miðlunarsvið. Hvert svið hefur sína stefnu en starfsemi sviðanna skarast jafnframt að umtalsverðu leyti.

Það er von mín að þessi fyrsta, heildstæða stefna Náttúruminjasafns Íslands, sem tekur bæði til faglegra og hagrænna þátta og gildir til loka árs 2027, varði leiðina að metnaðarfullri, skilvirkri og áhugaverðri starfsemi þessarar ríkisstofnunar og höfuðsafns, sem rekin er í þágu almennings. Það verður þó að hafa hugfast að stefnan er ekki meitluð í stein, heldur ber að líta á hana sem leiðarljós sem má sveigja og beygja í takt við þarfir, efni og ástæður. Þar sem miklar breytingar eru fyrir sjáanlegar í starfsemi safnsins innan tveggja ára eða svo vegna flutnings í nýju höfuðstöðvarnar á Seltjarnarnesi er viðbúið að það þurfi að endurskoða stefnuna á yfirstandandi gildistíma hennar, að minnsta kosti tiltekna þætti hennar.

Stefnu Náttúruminjasafns Íslands 2023–2027 í heild og eftir hverju starfssviði, ásamt ávarpi forstöðumanns, framtíðarsýn safnsins ásamt umfjöllun um hlutverk þess og gildi [má sjá hér](#).



Náttúruhús í Nesi, nýjar höfuðstöðvar safnsins á Seltjarnarnesi.

Náttúruhús í Nesi

Annað atriðið sem ég nefni sérstaklega og varðar framtíð Náttúruminjasafnsins er undirbúningur flutnings í nýju höfuðstöðvarnar á Seltjarnarnesi, Náttúruhúsið í Nesi, að Safnatröð 5.

Líkt og greint er frá í ársskýrslu Náttúruminjasafnsins fyrir árið 2022 var haustið 2022 efnt til samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu um hönnun og framkvæmd grunnsýningar Náttúruminjasafnsins í nýju höfuðstöðvunum. Um var að ræða lokaða samkeppni með forvali og nafnleynd. Heildarkostnaður við sýningargerðina samkvæmt samkeppnisgögnum miðaðist við 463 m.kr. með vsk., þar af 383 m.kr. til sýningargerðarinnar samkvæmt EES-útboðinu. Kostnaður vegna annarra verkþátta við sýningargerðina var áætlaður 80 m.kr. og felst meðal annars í forvörslu, flutningi og uppsetningu á beinagrind íslandssléttbaks sem verður hryggjarstykk-ið á sýningunni.

Níu hönnunarteymi, fimm erlend og fjögur íslensk, skiluðu tillögum og valdi forvalsnefnd þrjú teymi til að taka þátt í sjálfri hönnunarsamkeppninni, og höfðu þau frest til 20. febrúar 2023 að skila af sér ýtarlegum tillögum um sýningargerðina. Þá tók til starfa fimm manna dómnefnd til að skera úr um vinningshafann. Í dómnefndinni áttu auk undirritaðs sæti þau Alma Dís Kristinsdóttir, safnstjóri Listasafns Einars Jónssonar, Ásdís Helga Ágústsdóttir, arkitekt hjá Yrki og hönnuður Lækningaminjasafnsins, Einar Geir Ingvarsson, grafískur hönnuður, og Tinna Gunnarsdóttir, vöruhönnuður. Undirritaður og Alma Dís voru skipuð af hálfu Náttúruminjasafnsins en hin þrjú skipaði Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.

Úrslit hönnunarsamkeppninnar voru kynnt 13. apríl 2023, og bar hollenska sýningarfyrirtækið Kossmanndejong sigur úr bítum, en mjótt var á mununum. Mikill fengur er að því að fá Kossmanndejong til liðs við Náttúruminjasafnið því að fyrirtækið býr yfir yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu af hönnun, framleiðslu og uppsetningu sýninga af margvíslegu tagi í fjölmörgum löndum. Á meðal sýninga Kossmanndejong má nefna tvær af níu grunnsýningum Naturalis Biodiversity Center í Leiden í Hollandi, sem hlaut evrópsku safnaverðlaunin árið 2021. Kossmanndejong hannaði einnig grunnsýningu Sjóminjasafnsins í Reykjavík, Fiskur & fólk – sjósókn í 150 ár, sem opnuð var árið 2018.

Vinna með hollenska fyrirtækinu hófst strax um vorið og héldu hönnunarteymi fyrirtækisins og sýningarnefnd Náttúruminjasafnsins vikulega fjárfundi út árið. Í október var haldinn fjögurra daga vinnufundur hér á landi með þátttöku fjögurra starfsmanna Kossmanndejong. Voru sýningaraðstæður í Náttúruhúsinu meðal annars kannaðar og fjallað um efnistöð grunnsýningarinnar.

Vinnan með Kossmanndejong markar mikilvæg tímamót í miðlun náttúrufræða fyrir land og þjóð. Loksins eru framkvæmdir hafnar við framtíðaraðsetur höfuðsafns Íslands í náttúrufræðum. Á langri vegferð hefur Náttúruminjasafn Íslands að endingu eignast glæsilegt húsnæði og sýningaraðstöðu í faðmi náttúrunnar yst á Seltjarnarnesi. Hin nýja grunnsýning verður búin því besta sem gerist á sviði margmiðlunar og upplýsingatækni. Hún á að hverfast um hafið og lífríki þess, með áherslu á framtíðina, mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni og áhrif loftslagsbreytinga. Sýningin verður nútímaleg, fræðandi og skemmtileg – og þar fléttast saman gripir úr ranni náttúrunnar og áhugaverð gagnvirk margmiðlun.

Grunnsýningunni nýju er ætlað að höfða til alls almennings en sjónum verður þó sérstaklega beint að yngri kynslóðum. Tveir lykilgripir verða á sýningunni, geirfuglinn margfrægi sem keyptur var á uppboði árið 1971 fyrir samskotafé landsmanna, og 14 metra löng beinagrind fullvaxins íslandssléttbaks sem veiddur var út af Vestfjörðum árið 1891, beinagrindin var flutt til Danmerkur sama ár. Sléttbakur var áður fyrr algengur við strendur Íslands en er nú í bráðri útrýmingarhættu og sést varla lengur hér við land. Engin beinagrind af sléttbaki er til í safnkosti landsmanna en beinagrindin sem verður til sýnis í Náttúruhúsinu í Nesi er fengin að langtímaláni frá Náttúrufræðisafni Danmerkur (d. Statens Naturhistoriske Museum) og hefur ekki áður komið fyrir sjónir almennings. Það er sannarlega ánægjulegt að geta greint frá góðum framgangi í vinnu við hönnun á efnistöðum grunnsýningarinnar og útfærslur á miðluninni. Það sama verður hins vegar ekki sagt um verklegar framkvæmdir sem lúta að lagfæringum á skemmdum á byggingunni og aðlögun að þörfum Náttúruminjasafnsins. Enda þótt Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hafi gefið grænt ljós á framkvæmdir við húsið í febrúar 2021 og til stóð að opna höfuðstöðvarnar í fyrra, vorið 2023, þá hefur nær ekkert verið átt við húsið þegar þetta er ritað. Auglýsing útbóðs um fullnaðarfrágang á byggingunni, sem er undir stjórn Framkvæmdasýslu ríkisins, fór fyrst í loftið seint í sumar sem leið. Aðeins eitt tilboð barst, og var 43% yfir kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á 693 m.kr. Preifingar við tilboðsgjafann um lækkan á tilboðinu með tilheyrandi niðurskurði og breytingum á hönnun hússins stóðu yfir það sem eftir lifði árs. Þegar þetta er ritað hefur ekki enn verið samið um verkefnið og óvíst um niðurstöðu.

Náttúruminjasafninu hafa ekki borist neinar haldbærar skýringar á þeim mikla drætti sem orðið hefur á verklegum þætti framkvæmdanna, og eru tafirnar farnar að setja mark sitt á vinnu við sjálfa sýningargerðina. Úr menningar- og viðskiptaráðuneytinu berast jafnframt þær fregnir að höfuðstöðvarnar verði að öllum líkindum ekki opnaðar fyrr en árið 2026, þremur árum á eftir áætlun og sex árum á eftir græna ljósinu frá SOF-nefndinni. Þessi staða er mjög miður. Biðin eftir viðunandi aðstöðu fyrir þetta yngsta höfuðsafn landsins er orðin allt of löng. Rúm 135 ár eru síðan forveri safnsins, Hið íslenska náttúrufræðifélag, var stofnsett og setti á oddinn að þjóðin eignaðist náttúrufræðisafn og sýningaraðstöðu sem sæmdi landi og þjóð. Ráðherra Náttúruminjasafns Íslands, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, og ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknar og Vinstri-Grænna verða að fara að spýta í lófana.



Dýragras, *Gentiana nivalis* L. 1753
Ljósmynd: Helga Aradóttir

Líffræðileg fjölbreytni

Líffræðileg fjölbreytni hefur í tíð undirritaðs verið eitt helsta viðfangsefnið í rannsóknnum safnsins og miðlun. Hér er horft til framtíðar og rímar þessi áhersla í starfseminni einkar vel við eitt atriðið í stefnu stjórnvalda í málefnum líffræðilegrar fjölbreytni, nefnilega að Náttúruinjasafn Íslands skuli gegna lykilhlutverki í fræðslu um líffræðilega fjölbreytni á Íslandi þegar safnið hefur eignast viðunandi aðstöðu til miðlunar. Við flutninginn í Náttúruhúsið í Nesi verður þessi sýn að veruleika.

Margir hafa komið að starfi safnsins á sviði líffræðilegrar fjölbreytni en hitann og þungan af þeirri vinnu hafa borið þau Skúli Skúlason prófessor, dr. Ragnhildur Guðmundsdóttir, dr. Ole Sandberg, sem gegndi tímabundnu hlutastarfi á árinu við safnið, og Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur og náttúruvörðinn.

Hugtakið líffræðileg fjölbreytni er víðfeðmt og rannsóknir þar að lútandi taka til fjölbreytileika lífríkis í víðasta skilningi þess orðs, allt frá smæstu lífverum til þeirra stærstu, til breytileika innan tegunda, til erfðaeftis, vistkerfa og samspils lífrænna og ólífrænna þátta á jörðu og við umheiminn. Rannsóknirnar taka jafnframt til náttúruheimspeki og til sagn- og siðfræðilegra þátta og snúa að uppruna og eðli hugtaksins, að skilningi okkar á því og hvernig við notum það.

Rannsóknarstarfið í tengslum við líffræðilegri fjölbreytni lýtur enn fremur að fræðslu og miðlun og miðast meðal annars við að byggja upp þekkingargrunn um líffræðilega fjölbreytni til miðlunar í formi almenningsfræðslu, að námsefnisgerð fyrir öll skólastig og að undirbúningi leiðbeininga um stefnumótun, meðal annars fyrir opinbera aðila. Þá nýtist gagnagrunnurinn vel til sýningarhalds um fjölbreytileika lífs.

Mikilvægur áfangi náðist á árinu 2020 þegar samstarfsvettvangurinn BIODICE (Biological Diversity in Iceland) var settur formlega á laggirnar. Þar átti Náttúruinjasafnið drjúgan þátt að máli með Skúla Skúlason í fararbroddi. BIODICE er vettvangur á fjórða hundrað einstaklinga, stofnana og fyrirtækja sem láta sig varða málefni líffræðilegrar fjölbreytni, og er meginmarkmiðið að efla vitund um og skilning á líffræðilegri fjölbreytni á Íslandi. Í stefnuyfirlýsingu samráðsvettvangsins er meðal annars bent á hversu brýnt það er að bregðast strax við hruni líffræðilegrar fjölbreytni á kerfisbundinn hátt og grípa til samstilltra aðgerða. Lagt er til að bregðast við á grundvelli þriggja meginstólpa með 1) rannsóknum, 2) miðlun þekkingar og upplýsinga til mennta- og fræðslugeirans og þeirra sem fást við stefnumótun og stjórn nýtingar og verndar, og 3) eflingu innviða til rannsókna og miðlunar þekkingar og upplýsinga. Náttúruinjasafnið hefur haldið utan um BIODICE-verkefnið og er Skúli Skúlason formaður stjórnar þess. Aðrir starfsmenn safnsins sem komu beint að vinnu við BIODICE á árinu voru Anthony Schultz, Ragnhildur Guðmundsdóttir og Ole Martin Sandberg.

Nýjasta verkefni BIODICE fékk styrk á árinu og ber heitið *Líffræðileg fjölbreytni Norðurlanda* (e. The Nordic Biodiversity Framework). Þar er um að ræða samvinnuverkefni sérfræðinga frá Íslandi, Danmörku og Finnlandi, sem miðar að því að rannsaka stöðu og aðferðir Íslands, Danmerkur og Finnlands við innleiðingu á *KunmingMontréal-samningnum* um líffræðilega fjölbreytni. Hann var samþykktur af Íslands hálfu árið 2022 á COP15-ráðstefnu samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Verkefnið á að nýtast stjórnvöldum við innleiðingu samningsins með faglegum greiningum og tillögum, og verður í því skyni komið á fót neti vísindamanna, sérfræðinga, stjórnvalda og hagsmunaaðila. Verkefnisstjóri er Skúli Skúlason, prófessor við Háskólann á Hólum og starfsmaður Náttúruminjasafns Íslands, og auk þess hafa forystu við verkefnið þær Katherine Richardson, prófessor við Hafnarháskóla í Danmörku, og dr. Hanna-Kaisa Lakka, við Háskólann í Jyväskylä í Finnlandi. Í júní var sótt um styrk undir merkjum BIODICE til verkefnisins til *Norræna vinnuhópsins um líffræðilega fjölbreytni* sem starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Verkefnið er hugsað til þriggja ára en sótt um styrk vegna vinnu við verkefnið fyrsta árið, 2024, að upphæð 1.552.900 DKK (um 30 m.kr). Styrknum er ætlað að standa straum af kostnaði vegna starfa framkvæmdastjóra og aðstoðarmanns, auk kostnaðar við útgáfu áfangaskýrslna, ráðstefnu- og fundarhöld og ferðir. Tilkynt verður um styrksúthlutun í byrjun árs 2024.


Í tengslum við BIODICE og grunnrannsóknir sérfræðinga Náttúruminjasafnsins var á árinu 2023 margt um að vera á hinum opinbera vettvangi hjá safninu og samstarfsaðilum þess á sviði líffræðilegrar fjölbreytni. Í janúar hófst *Hátíð líffræðilegrar fjölbreytni 2023* með fjölbreyttri dagskrá fyrirlestra, málþinga og annarra viðburða víða um land nær allt árið. Í byrjun febrúar opnaði safnið fræðsluvefinn *Fróðleiksbrunn*. Í apríl tók Náttúruminjasafnið þátt í Barnamenningarhátíð með verkefninu *List og lífbreytileiki*, sem unnið var með listafólki og með nemendum og starfsmönnum grunnskóla og frístundaheimila víða um land. Í september stóðu BIODICE og matvælaráðuneytið að einkar vel heppnuðu málþingi um Vistkerfisnálgun. Og í október skipulögðu sérfræðingar Náttúruminjasafnsins afar vel sóttá málstofu um *Líffræðilega fjölbreytni og náttúrufræðimenntun* á Líffræðiráðstefnunni 2023.

Af framansögðu má ljóst vera að Náttúruminjasafnið nálgast eitt helsta viðfangsefnið í starfsemi sinni á komandi árum, líffræðilega fjölbreytni, af festu og á þverfaglegan hátt. Slík nálgun er nauðsynleg enda snýst líffræðileg fjölbreytni um sjálft LÍFIÐ og er forsenda fyrir heilbrigðri starfsemi og þróun lífríkis og vistkerfa sem maðurinn er órofa hluti af. Rannsóknir, verndun og miðlun á líffræðilegri fjölbreytni eru með brýnustu viðfangsefna mannkyns nú á tímum og varðar sjálfbæra framtíð og farsæld komandi kynslóða. Þetta er einkar mikilvægt að hafa í huga nú á tímum mikillar umhverfisröskunar af mannavöldum. Mikið ríður á að byggja verðmætamat og ákvarðanatöku um sjálfbæra nýtingu á náttúrunni og umgengni við hana á þekkingu og skilningi á líffræðilegri fjölbreytni.

Erfiðar aðstæður


Náttúruminjasafn Íslands

Ríkisframlag (fjárveiting ársins) m.kr.



Náttúruminjasafn Íslands

Fjöldi stöðugilda



Naumar fjárheimildir

Ég hef iðulega rakið það í ávörpum mínum á þessum vettvangi hve illa ríkisvaldið hefur staðið að fjármögnun þessa yngsta höfuðsafns landsins, með svo naumt skömmtuðum fjárframlögum til rekstrar að safninu er gert nær ókleift að sinna lögboðnum hlutverkum sínum. Vissulega varð viðsnúningur í fjármálunum eftir að sýningin *Vatnið í náttúru Íslands* var opnuð í Perlunni í desember 2018, en fram að því var árlegt ríkisframlag aðeins líðlega 20 m.kr. Á síðustu fjórum árum hefur ríkisframlagið verið 125–145 m.kr., sem er vissulega hækkun frá því sem var, en dugar þó engan veginn til að halda starfsemi Náttúruminjasafninu gangandi þannig að safnið risi undir nafni sem höfuðsafn. Til að svo megi vera þarf Náttúruminjasafnið ríkisframlag að lágmarki 35–50 m.kr. til viðbótar, meðal annars til að manna þau 12 stöðugildi sem talin eru nauðsynleg til að halda úti virkri starfsemi á öllum þremur meginstarfssviðum safnsins.

Það blæs heldur ekki byrlega fyrir Náttúruminjasafninu á næsta ári ef aðhaldsaðgerðir og niðurskurðaráform ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Framsóknar og Vinstri-Grænna ganga eftir eins og kynnt hefur verið í fjárlagafrumvarpi fyrir 2024. Að fjárlagafrumvarpinu óbreyttu lækkar framlag ríkisins til almenns rekstrar safnsins á næsta ári um 4%, og verður um 143 m.kr. Það mundi meðal annars hafa í för með sér fækkun í starfslíðinu um tvö stöðugildi frá því sem nú er, úr 11 í 9. Fer þá fjöldi stöðugilda hjá höfuðsafni þjóðarinnar í náttúrufræðum að nálgast þá stöðu sem fjármálaráðuneytið taldi fyrir 16 árum, árið 2007, að væri lágmark til að hefja starfsemi safnsins.

Þessi staða Náttúruminjasafns Íslands er algerlega óviðunandi og óskiljanleg í ljósi lögboðinna hlutverka þessa yngsta höfuðsafns landsins. Í þokkabót á það að heita svo að stofnunin sé í uppbyggingarfasa, enda er hún á kafi í undirbúningi langþráðs flutnings í nýjar höfuðstöðvar á Seltjarnarnesi. Öll sú vinna sem starfsfólk Náttúruminjasafnsins innir af hendi og tengist sýningargerðinni í Náttúruhúsinu í Nesi er hrein viðbót við þá vinnu sem starfsfólkið sinnir vegna annarra safnastarfa, sem taka meðal annars til móttöku, skráningar og varðveislu safnkosts, til rannsóknna og miðlunar og til umsjónar með skólahópum og fræðslu til þeirra og almennings á sýningu og viðburðum safnsins í Perlunni. Kannanir í ár á vegum Auðnast, Gallup og Maskínu staðfesta að vinnuálag á starfsfólk Náttúruminjasafnsins er nú þegar meira en góðu hófi gegnir.

Hagsýni og sparnaður eru dyggðir sem Náttúruminjasafn Íslands hefur haft að leiðarljósi alla tíð í rekstri sínum og starfsemi. Náttúruminjasafnið er ein allra minnsta og yngsta ríkisstofnun landsins, telst til grunnstoða á sviði mennta og vísinda og verður seint sökuð um bruðl og óráðsú. Vegna smæðar sinnar þolir Náttúruminjasafnið ekki sama aðhald og niðurskurð og stærri ríkisstofnunum er uppálagt að bera – þær hafa borð fyrir báru en ekki Náttúruminjasafn Íslands.

Nýfrjálshyggja og safnastarfsemi

Það er ekki aðeins að ríkisstjórnin haldi aftur af Náttúruminjasafni Íslands með aðhaldi og niðurskurði heldur amast einkageirinn einnig við starfsemi Náttúruminjasafnsins og saumar að safninu. Það er svo sem ekkert nýtt að nýfrjálshyggjan berjist almennt á móti ríkisumsvifum og vilji „báknið burt“, en það er nýlunda að einkageirinn leggi inn formlega kvörtun til opinberrar stofnunar um sýningarhald á vegum Náttúruminjasafnsins og safna almennt á vegum hins opinbera. Hér vísa ég til kvörtunar Samtaka ferðaþjónustunnar og Perlu norðursins hf. til Samkeppniseftirlitsins frá því í janúar 2023. Þar var farið fram á það að sá hluti starfsemi Náttúruminjasafnsins sem snýr að fyrirhuguðu sýningarhaldi í nýju höfuðstöðvunum á Seltjarnarnesi verði skilinn frá öðrum rekstri safnsins.

Að baki kvörtuninni standa málsvarar einkarekstrar og eins lítilla ríkisumsvífa og mögulegt er. Þeir vilja fá einkaaðilum í hendur sem stærsta sneið af sameiginlegri köku landsmanna. Málshefjendurnir tveir líta á miðlunarþátt Náttúruminjasafnsins með sýningarhaldi sem ríkisstyrkta niðurgreiðslu á samkeppnismarkaði! Þeim sviða í augum áætlanir um gestafjölda og tekjur af aðgangseyri á nýja staðnum og telja að aurarnir séu betur komnir í þeirra höndum. Þetta er dæmigert nýfrjálshyggjuhjal talsmanna fjármagns og „frelsis“ þar sem einblínt er á arðsemiskröfu og einkagróða en horft framhjá lögboðnum hlutverkum og skyldum sem varða það að safna upplýsingum og þekkingu um menningar- og náttúruarf Íslands, rannsaka hann, varðveita og miðla, og veita almenningi aðgengi að arfinum.

Þegar þetta er ritað hefur Samkeppniseftirlitið ekki enn skilað niðurstöðu vegna kvörtunarinnar. Ef til vill er ekkert að óttast, að minnsta kosti ef mið er tekið af umsögnum lögfræðinga menningar- og viðskiptaráðuneytisins og efnahags- og fjármálaráðuneytisins vegna kvörtunarinnar. Umsagnir beggja ráðuneyta og umsögn Náttúruminjasafnsins eru samhljóða og er rökum Samtaka ferðaþjónustunnar og Perlu norðursins hf. þar vísað skilmerkilega á bug.

Kvörtun Samtaka ferðaþjónustunnar og Perlu norðursins hf. er ekki fyrsta uppákomun þar sem Náttúruminjasafnið þarf að takast á við kvein úr einkageiranum vegna sýningarstarfsemi. Fyrirætlanir Náttúruminjasafnsins um sýningarhald á Breiðdalsvík í samstarfi við heimamenn hafa mætt andstöðu einkaaðila annars staðar í landsfjórðungnum. Kvartað var við ráðherra og ráðuneyti undan ríkisstyrktri sýningastarfsemi sem mundi gera út af við sýningahald á vegum viðkomandi. Er skemmst frá því að segja að ekkert hefur orðið af fyrirætlunum um sýningarhald Náttúruminjasafnsins á Breiðdalsvík.

Niðurlag

Niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um kvörtun Samtaka ferðaþjónustunnar og Perlu norðursins hf. er beðið með óþreyju þar eð hún kann að verða stefnumótandi og varða jafnt Náttúruminjasafn Íslands og önnur opinber söfn. Verður sýningarhald höfuðsafns Þjóðarinnar í náttúrufræðum skilgreint sem „ríkisstyrkt niðurgreiðsla á samkeppnismarkaði“ í anda nýfrjálshyggjunnar? Því á ég bággt með að trúa. En ef svo ólíklega vildi til er nokkuð ljóst að fótunum yrði kippt undan starfsemi Náttúruminjasafnsins. Þá liggur beinast við að leggja höfuðsafn Þjóðarinnar í náttúrufræðum niður í þeirri mynd sem það hefur starfað. Það væri til vitnis um mikla skammsýni, skilningsskort og harðlínustefnu í anda nýfrjálshyggju gagnvart opinberum umsvifum, náttúrufræðslu og náttúruvernd. Ég trúi ekki öðru en að Náttúruminjasafn Íslands eigi sér bjartari framtíð meðal Þjóðarinnar en slík örlög.

Allt of lengi hefur viðgengist af hálfu stjórnvalda að halda starfsemi Náttúruminjasafnsins niðri í nafni fjárskorts. Fé er vissulega til staðar, en forgangsröðunin lýsir hins vegar hinni pólitísku stefnu og afstöðu til málaflöksins. Menningar- og viðskiptaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, sem og ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknar og Vinstri-Grænna og Alþingi allt verða að taka sig á og tryggja Náttúruminjasafninu eðlilegan fjárhagslegan rekstrargrundvöll sem sæmir höfuðsafni. Þannig sýna stjórnvöld í verki að alvara er að baki faguryrðum um mikilvægi menntunar og náttúru, og um farsæla framtíð Þjóðarinnar í landi sínu.

Reykjavík, maí 2023

Dr. Hilmar J. Malmquist

forstöðumaður

Miðlun og fræðsla



Frá fjöruferð í Gróttu í apríl 2023.

Móttaka skólahópa

Safnkennarar taka á móti skólahópum alla virka daga. Nemendur í leikskólum fara í upplifunarferð um sýninguna *Vatnið í náttúru Íslands*. Þar fá þau að kynnst mismunandi birtingarmyndum vatns, meðal annars með því að hlusta, snerta og sulta og skoða lífverur sem búa í vatninu. Grunnskólahópum standa fjölbreyttar fræðsluleiðir til boða s.s. *Líf í fersku vatni og líffræðileg fjölbreytni*, *Vatnið í náttúru Íslands*, *Steinagreining*, *Loftslagsbreytingar*, og *Hvað býr í þjóðgarði?*. Einnig er tekið á móti framhaldskólanemum og háskólanemum og eru heimsóknirnar þá mótaðar í samtali við viðkomandi kennara.

Safnið tók á móti 6. bekk í grunnskólum Reykjavíkur í samstarfi við Miðstöð úti- vistar og útináms og Perluna líkt og fyrri ár. Hóparnir fræddust um náttúruna og skoðuðu allar sýningarnar í Perlunni.


Safnkennarar Náttúruminjasafnsins tóku á móti 2858 nemendum af öllum skóla- stigum á árinu og fylgdu nemendunum 344 kennarar. Heimsóknir á sýninguna *Vatnið í náttúru Íslands* í Perlunni er stöðin í safnfræðslu Náttúruminjasafnsins en auk þess leita safnkennarar safnsins fjölbreyttra leiða til að vinna með skólun- um í ýmsum þróunarverkefnum.

Fróðleiksbrunnur

Í byrjun árs 2023 var nýr [fræðsluvefur Náttúruminjasafnsins](#) settur í loftið. Á vefsvæðinu má finna fjölbreytta fræðslu, tilraunir, þrautir og leiki tengda nátt- úrunni. Efnið er sérstaklega sniðið að börnum og kennurum á grunnskólastigi en líka fjölskyldum sem vilja fræðast um náttúruna. Marmiðið með framsetningu fræðslu- og námsefnisins er að efla náttúru- og umhverfisvitund, kynnast nærum- hverfinu og villtri náttúru og nýta þannig öll skilningafæri til að efla náttúrulæsi sitt. Vefurinn styður við skólaheimsóknir á safnið, bæði sem undirbúningur fyrir heimsóknirnar og ekki síður þegar heim í skólann er komið. Sérstakur hluti Fróðleiksbrunnans inniheldur lengri fræðslutexta sem henta kennurum um afmarkaða þætti náttúrunnar og íslensks lífríkis sem teknir eru fyrir á sýningum Náttúruminjasafnsins.

Vefsvæðið er í stöðugri þróun og er nú verið að vinna fræðsluefni sem fjallar um fjölbreytta og magnaða náttúru Vatnajökulsþjóðgarðs.

Sýning í nýjum höfuðstöðvum, Náttúruhúsi í Nesi



Beinagrind Íslandssléttbaks verður hryggjarstykkið á sýningu Náttúruminjasafnsins í Náttúruhúsinu í Nesi. Mynd: Kossmanndejong.

Undirbúningur við nýja sýningu Náttúruminjasafnsins í Nesi hefur staðið yfir undanfarin ár en á seinni hluta árs 2022 dróg til tíðinda þegar farið var í útboð og hönnunarsamkeppni fyrir sýninguna. Útboðið náði lögum samkvæmt út fyrir landsteinanana og var því boðið út á evrópska efnahagssvæðinu. Framkvæmdin var unnin í nánu samstarfi við Ríkiskaup og Miðstöð hönnunar og arkitektúrs sem var ráðgefandi í hönnunarsamkeppninni. Markmið samkeppninnar var að kalla fram hugmyndir að sýningu um hafið, líffræðilega fjölbreytni og loftslagsmál, þar sem gestir gætu öðlast nýja þekkingu, virðingu og væntumþykju fyrir náttúrunni.

Alls tóku níu afar frambærileg hönnunarteymi, fimm innlend og fjögur erlend, þátt í forvalinu og af þeim voru þrjú teymi valin til að koma með tillögur að hönnun sýningarinnar, tvö íslensk teymi og eitt erlent. Lokatillögur teymanna þriggja þóttu allar framúrskarandi og mjótt var á munum að mati dómnefndar. Í febrúar 2023 var tilkynnt um úrslitin og var tillaga hollenska hönnunarfyritækisins, Kossmanndejong hlutskörpust. Kossmanndejong, hefur hannað, framleitt og sett upp yfirgrípsmiklar og rómaðar sýningar um allan heim. Á meðal þeirra má nefna tvær af níu grunnsýningum Naturalis Biodiversity Center í Leiden í Hollandi, sem hlaut Evrópsku safnaverðlaunin árið 2021. Kossmanndejong hannaði einnig grunnsýningu Sjóminjasafnsins í Reykjavík, *Fiskur & fólk – sjósókn í 150 ár* sem opnuð var árið 2018.

Samstarf Náttúruminjasafnsins og Kossmanndejong hófst strax í apríl 2023 þegar hluti hönnunarteymsins sótti safnið heim og fyrsta vinnustofa sýninganefndar og hönnuða var haldin. Samstarfið hefur gengur einstaklega vel og hittast hlutaðeigendur á vikulegum fundum þar sem farið er yfir hönnun og efnistöð. Hönnun-arhópurinn kom í aðra vinnuferð til landsins í september. Á vormánuðum 2024 verður endanleg hönnun samþykkt.

Vinna við húsið hefur gengið hægar þar sem aðeins eitt tilboð barst í útboð Framkvæmdasýslu ríkisins á framkvæmd við að klára húsið sem staðið hefur fókelt síðan 2007. Tilboðið var mun hærra en kostnaðarmat gaf til kynna og er nú beðið eftir ákvörðunum um næstu skref.

Aðrar sýningar



Frá opnun sýningarinnar *Hvað býr í Þjóðgarði?*
Ljósmynd: Helga Aradóttir

Í Dropanum, sérsýningarrými Náttúruinjasafnsins í Perlunni stóð samstarfs-sýning Jöklarannsóknarfélags Íslands og Náttúruinjasafnsins, VORFERÐ fram í maí 2023. Tilfni sýningarinnar var 70 ára afmæli félagsins og var þar mikilvægri starfsemi félagsins og sögu gerð skil, sem og fræðslu um jökla landsins. Sýningin var hugsuð sem farandsýning og er hún nú í gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri.

Í ágúst opnaði ný sýning í Dropanum sem ber heitið *Hvað býr í Þjóðgarði?*. Sýningin er samstarfverkefni safnsins og Vatnajökulsþjóðgarðs. Sýningin endurspeglar náttúrufegurð þjóðgarðsins í formi stórs skúlptúrs þar sem allar helstu náttúruperlur garðsins eru settar saman á listrænan og fallegan hátt. Einnig má finna allar upplýsingar um starfsemi garðsins, læra og kynnast öllum helstu náttúruperlum og njóta kvikmyndar sem sýnir fjölbreytta náttúruna í þjóðgarðinum. Höfundur skúlptúrsins er Heimir Sverrisson, leikmyndahönnuður og Irma studios ehf. sá um smíði hans og útfærslu. Um sýningarstjórn sá Anna Katrín Guðmundsdóttir frá Náttúruinjasafninu en um textagerð sáu Snæbjörn Guðmundsson (NMSÍ) og Stefanía Ragnarsdóttir (VJÞ). Náttúruinjasafnið og Vatnajökulsþjóðgarður undirrituðu formlegan samstarfssamning í árslok 2022 og er þetta liður í því samstarfi.

Viðburðir og samstarf

Viðburðahald er sem fyrr mjög umfangsmikill og mikilvægur liður í miðlun safnsins og voru viðburðir sem safnið stóð fyrir um 30 talsins á árinu 2023.

Viðburðahald hófst strax í byrjun janúar með fjölskylduviðburði í viðburðaröðinni *Spennandi sunnudagar* sem eru fastir liðir fyrsta sunnudag í hverjum mánuði frá september og út maí. Þessi viðburðir eru sérhannaðir fyrir fjölskyldufólk með ung börn þar sem gestum býðst að læra um íslenska náttúru í formi leiks og list-sköpunar. Þessir viðburðir eru mjög vinsælir og sækja þá að meðaltali um 3-400 manns. Boðið var upp á steinagreiningu, aldursgreiningar í náttúrunni (trjásneiðar, kvarnir, refakjálfar ofl.) fróðleik um eldgos og jarðskjálfta, páskaprautarleik, ýmis fjörudýr kynnt og fjallað um lífið í ferskvatni. Einnig voru nokkrir viðburðir haldnir í samstarfi við aðrar stofnanir og má þar nefna samstarf við Vatnajökulsþjóðgarð þar sem fjallað var um margbreytilega náttúru þjóðgarðsins og starfseminni í þjóðgarðinum gerð skil, samstarfviðburður með Landgræðslunni þar sem læra mátti um ýmsar mosategundir og vinna með þær á skapandi hátt.

Samstarf við aðrar stofnanir eru mikilvægur þáttur í starfi safnsins og ekki síst í viðburðahaldi þar sem breiðari vettvangur fæst til að miðla náttúrufræðum á sem fjölbreyttastan hátt með slíku samstarfi. Þær stofnanir sem Náttúruminjasafnið var í samstarfi við í viðburðahaldi voru eins og áður segir Vatnajökulsþjóðgarður og Landgræðsla en einnig stóð safnið fyrir viðburðum með Grasagarðinum í Reykjavík, Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun. Viðburðirnir voru mjög fjölbreyttir, flestir haldnir á sýningu safnsins í Perlunni en einnig úti í náttúrunni. Farið var í fjöruferð í Gróttu þar sem gestir leituðu að og skoðuðu hin ýmsu dýr og lífverur sem finnast í fjörunni. Hægt var að fræðast um dýrin hjá sérfræðingum safnsins og skoða í víðsjám. Í júní á Degi villtra blóma tók safnið þátt í samstarfviðburði með Norræna húsinu, Grasagarðinum, NordGen, Reykjavíkurborg, Sónó matseljur, Slow Food Reykjavík og Flóruvinum. Viðburðurinn bar nafnið Matseðill náttúrunnar, dagur villtra blóma og dagur sjálfbærrar matargerðarlistar. Boðið var upp á gönguferð, plöntusmakk og plöntugreiningu við Norræna húsið ásamt því að smakka á gómsætum réttum úr villtum plöntum.

Í febrúar tók Náttúruminjasafnið þátt í Safnanótt ásamt Jökларannsóknarfélagi Íslands á sýningum safnsins í Perlunni. Það var vel við hæfi þar sem sýningin Vorferð, sem fjallar um starfsemi Jökларannsóknarfélagsins í 70 ár og jökla landsins var í sérsýningarrými safnsins. Sérfræðingar frá safninu sem og félagsmenn Jörffi tóku á móti gestum og ræddu um vatnið, jöklana og íslenska náttúru. Fróðleiksbrunnur Náttúruminjasafnsins var frumsýndur, en hann er glænýtt, fræðandi og skemmtilegt vefsvæði um náttúruna, www.frodleiksbrunnur.is.

BIODICE – Hátíð líffræðilegrar fjölbreytni

Í byrjun árs setti Náttúruminjasafnið af stað *Hátíð líffræðilegrar fjölbreytni* í samstarfi við BIODICE en að auki komu Ungir Umhverfissinnar (UU), Rannsóknasetur Margrétar II. Danadrottningar og frú Vigdísar Finnbogadóttur um haf, loftslag og samfélag (ROCS) og Háskóli Íslands (HÍ), Náttúrufræðistofnun (NÍ) og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði (HÍ) að skipulaginu. Skipulagsnefndin samanstóð af Ragnhildi Guðmundsdóttur (NMSÍ), Önnu Katrínu Guðmundsdóttur (NMSÍ), Ole M. Sandberg (NMSÍ), Ástrósu Evu Ársælsdóttur (UU), Sæunni Júlíu Sigurjónsdóttur (UU), Arndísi Bergsdóttur (ROCS og HÍ), Sveini Kára Valdimarssyni (NÍ) og Þorvarði Árnasyni (HÍ).

Hátíðin samanstóð af 46 fjölbreyttum viðburðum út um allt land sem haldnir voru í samstarfi við hinar ýmsu stofnanir, ráðuneyti, háskóla, fyrirtæki og félög. Markmið hátíðarinnar var að stuðla að vitundarvakningu meðal almennings um mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni. Til að mæta því markmiði sem best var ákveðið að hafa samband við ýmsa hagaðila og bjóða þeim að halda viðburði undir hatti hátíðarinnar. Til að vekja athygli á hátíðinni var meðal annars auglýst á samfélagsmiðlum en einnig var skrifuð grein á veffréttamiðilinn Vísir. Hægt er að sjá yfirlit yfir dagskrána [hér](#). Nokkrir viðburðanna voru teknir upp og eru þeir aðgengilegir á Youtube rás BIODICE.

Óhætt er að segja að hátíðin hafi gengið vel og viðburðirnir mælst vel fyrir. Góð aðsókn var á vel flesta viðburðina og greinilegt er að mikill áhugi er meðal landsmanna á málefnum líffræðilegrar fjölbreytni.

Vísindavaka



NMSÍ tók þátt í Vísindavöku eins og undanfarin ár og bauð m.a. upp á skoðun á áhugaverðum náttúrumunum. Ljósmynd: Ragnhildur Guðmundsdóttir.

Náttúruminjasafnið tók þátt í Vísindavöku eins og síðastliðin ár. Að þessu sinni var viðburðinn haldinn laugardaginn 30. september í Laugardalshöll. Náttúruminjasafnið tók höndum saman við systurstofnun sína, Náttúrufræðistofnun Íslands og BIODICE (samstarfsvettvangur um miðlun mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni) og var áherslan í miðluninni á að kynna mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni. Boðið var upp á stöðvar þar sem hægt var að rannsaka hin ýmsu vistkerfi, skoða áhugaverða náttúrumuni, auk þess sem hægt var að upplifa náttúruna í þrívídd með sýndarveruleikagleraugum.

Náttúrufræðistofnun Íslands frumsýndi jafnframt glænýja myndasögu um líffræðilega fjölbreytni og Náttúruminjasafn Íslands kynnti Fróðleiksbrunninn, www.frodleiksbrunnur.is, nýjan náttúrufræðsluvef fyrir börn.

Uppspretta

Náttúruminjasafnið tók þátt í Uppsprettu líkt og undanfarin ár. Uppspretta er viðburður sem haldinn er á hverju ári á vegum Reykjavíkurborgar og að þessu sinni fór hann fram á Kjarvalsstöðum þann 14. september á milli kl 13 og 16. Á þessum viðburði fer fram kynning á þeim tilboðum, fræðslu og vettvangsferðum sem í boði eru fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili innan borgarmarkanna. Í tengslum við viðburðinn er einnig að finna [vefsvæði](#) þar sem sömu upplýsingar eru gerðar aðgengilegar en allt er þetta gert til að auðvelda aðgengi kennara að mismunandi fræðsluleiðum sem í boði eru fyrir skólaborðni í borginni.

Vísindavaka

Safnaprennan er þróunarverkefni í menningarlæsi fyrir framhaldsskóla sem unnið er í samstarfi við hin höfuðsöfnin, Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands. Í verkefninu gefst nemendum kostur á að heimsækja öll þrjú söfnin, tengja heimsóknirnar saman og skoða hvernig samfélag, náttúra og listir móta saman menninguna. Verkefnið byrjaði í janúar 2023 og var mótað með Kolbrúnu Kolbeinsdóttur, kennara í menningarlæsisáfangi hjá Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Verkefnið var keyrt tvisvar sinnum á árinu.

Eldur, ís og mjúkur mosi



Börnin undirbúa listaverk sín fyrir sýninguna *Eldur, ís og mjúkur mosi*. Ljósmynd: Helga Aradóttir.

Náttúruminjasafn Íslands og Vatnajökulsþjóðgarður fengu styrk frá Barnamenningsráði Íslands til að vinna verkefnið *Eldur, ís og mjúkur mosi* í samstarfi við átta grunn- og leikskóla í nágrenni við þjóðgarðinn ásamt einum á höfuðborgarsvæðinu og breiðum hópi hönnuða og listafólks í heimabyggð skólanna. Verkefnið hófst haustið 2023 og því lauk á Barnamenningsráði í Reykjavík vorið 2024. Náttúruminjasafnið stýrði verkefninu og veitti ráðgjöf á sviði náttúruvísinda og náttúrumiðlunar.

Verkefnið miðaði að því að beisla sköpunarkraft barna, einkum í nágrenni þjóðgarðsins, sem fá þýðingarmikinn vettvang til að túlka náttúru garðsins, verndargildi hans og sögu með aðstoð listafólks og hönnuða í fremstu röð. Í gegnum listræn ferli sköpuðust dýrmætar tengingar milli barnanna og Vatnajökulsþjóðgarðs, sem auka á meðvitund framtíðarkynslóðanna um þá sameign þjóðarinnar sem þjóðgarðurinn er.

Afraksturinn var sýndur á sýningunni *Eldur, ís og mjúkur mosi* hjá Náttúruminjasafni Íslands á 2. hæð Perlunnar. Sýningin var bæði hluti af Hönnunarmars og Barnamenningsráðið í Reykjavík.

List og lífbreytileiki

Náttúruminjasafnið hlaut styrk frá Barnamenningarsjóði árið 2022 til að vinna verkefnið *List og lífbreytileiki*. Verkefninu lauk vorið 2023. Það var unnið í samstarfi við BIODICE, samstarfsvettvang um líffræðilega fjölbreytni, fjölbreyttan hóp listafólks og ungmenni í átta skólum hringinn í kringum landið.

Veturinn 2022 – 2023 voru haldnar fjölbreyttar listasmiðjur sem tengjast náttúrunni og í kjölfarið unnu nemendur að listaverkum sem sett voru á sýningu í sérsýningarrými safnsins, Dropanum, á 2. hæð Perlunnar í tengslum við Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2023. Tveir þátttökuskólanna komu í sérstakar ferðir á sýninguna til að nemendurnir gætu skoðað listaverkin sín. Þetta voru Fellaskóli og Grunnskóli Snæfellsbæjar. Auk samvinnunnar við skólana voru haldnir tveir fjölskylduviðburðir á sýningu safnsins *Vatnið í náttúru Íslands* í tengslum við verkefnið og það var þema safnsins á Vísindavöku haustið 2022. Hægt er að lesa meira um verkefnið og skoða myndir frá sýningunni á vefsvæði Fróðleiksbrunnans.

Listamennirnir sem tóku þátt í þessu verkefni með safninu voru Rán Flygenring, Elín Elísabet Einarsdóttir, Sverrir Norland, Heimir Freyr Hlöðversson, Friðgeir Jóhannes Kristjánsson og Björk Þorgrímsdóttir.

Eitt af markmiðum verkefnisins var að vinna betur að því að ná til barna á landsbyggðinni, því var markmiðið að vinna með einum skóla í hverjum landshluta. Skólarnir sem tóku þátt í verkefninu með safninu eru eftirfarandi:

- Fellaskóli í Reykjavík
- Grunnskóli Snæfellsbæjar á Snæfellsnesi
- Grunnskóli Ísafjarðar
- Húnaklúbburinn á Hvammstanga
- Reykjahlíðarskóli í Mývatnssveit
- Eskifjarðarskóli
- Flúðaskóli
- Stapaskóli í Reykjanesbæ

[Hlekkur á frétt frá Grunnskóla Snæfellsbæjar](#)

[Hlekkur á frétt frá Stapaskóla](#)

Fyrsti íslenski náttúrufræðingurinn: Jón Guðmundsson lærði (1574–1658) í norrænni vísindasögu og önnur verkefni sem tengjast Jóni.

Bókin *Jón lærði og náttúrufræðingurinn* eftir Viðar Hreinsson kom út 2016 á vegum Lesstofunnar og Náttúruvísindasafns Íslands. Jón lærði var einn fyrsti náttúrufræðingur landsins og rit hans *Ein stutt undirrétting um Íslands aðskiljanlegar náttúrufræðingur* er fyrsta ritið sem varðveist hefur á íslensku um náttúrufræðingur á Íslandi. Viðar Hreinsson stýrir verkefni um viðtökur, sýnileika og ósýnileika verka (texta og teikninga) Jóns lærða í norrænni vísindasögu. Verkefnið hófst árið 2019 og var í upphafi stutt af Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar:

1. Verið er rita inngang og skýringar við enska þýðingu á fyrrgreindu riti í samvinnu við dr. Vicki Szabo, prófessor í umhverfissögu við North-Carolina háskóla í Bandaríkjunum.

2. Unnið var að skipulagningu rannsóknaverkefnis á Íslandskorti sem margt bendir til að Jón hafi teiknað. Tveir illa farnir hlutar þess af þrem eru geymdir í handritadeildum konunglegu bókasafnanna í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Ásamt Hilmar Malmquist forstöðumanni og í samáði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Bill Christens Barry hjá Equipoisie Ltd. Í Boston var hafin skipulagning rannsóknaverkefnis í samstarfi við konunglegu bókasöfnin í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi um tilurð og afdrif þessa korts. Leitað verður skipulega að þriðja hlutanum og síðan verður kortið myndað með fjöllumrófstækni og gerðar ítarlegar erfðafræðilegar og aðrar líffræðilegar rannsóknir á kortinu og blekinu. Að þessum rannsóknum loknum verða ritaðar vísindagreinar um verkefnið, bók um allt rannsóknarferlið, og settar upp sýningar um kortið. Leitað verður veglegra styrkja hjá norrænum rannsóknasjóðum.

Hvað er náttúra?

Viðar Hreinsson tók þátt í undirbúningi *Hátíðar líffræðilegrar fjölbreytni* sem var haldin á vegum BIODICE í umsjón Skúla Skúlasonar og Ragnhildar Guðmundsdóttur og hélt opunarfyrirlestur á málþingi á vegum verkefnisins.

Náttúrur og fornar frásagnir



Mynd úr Íslensku teiknibókinni - AM 673 a III 4to, líklega dregin á Möðruvöllum í Eyjafirði á tímabilinu 1450-1475, undir handarjaðri Margrétar Vigfúsdóttur sem þá stóð fyrir búi og öflugri bókagerð á einu mesta höfuðbóli landsins. Bóklög iðja eða handritamenning tók miklum breytingum frá því tekið var að rita bækur um 1100. Þessi mynd, af heilögum Georg að drepa dreka, sameinar ýmislegt úr lífandi bók- og handritamenningu samtímans, drekadráp eins og voru rauður þráður í riddarasögum, viðleitni til myndlistar og loks tilraunir til að endurbæta verkið eftir að það var unnið.


Þetta verkefni er kjölfesta í starfi Viðars Hreinssonar við að byggja upp umhverfishugvísindi innan Náttúruminjasafnsins. Verkefnið dregur fram fjölbreyttar birtingarmyndir náttúru og náttúruskilnings í íslenskum sagnabókmenntum frá landnámi til siðaskipta og hefur það verið styrkt af verkefninu Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM) sem stýrt er af Snorrastofu í Reykholti.

Í verkefninu er beitt fræðilegri nýsköpun umhverfishugvísinda á íslenskar miðaldabókmenntir frá landnámi til siðaskipta. Kannað er hvernig náttúruskyn, umhverfisskilningur, landfræði og staðfræði breytast með breyttum samfélagslegum og menningarlegum forsendum allt frá goðsögnum Eddukvæða og frásögnum Íslendingabókar og Landnámu, um þróaða sagnalist á 13. og 14. öld, til lífrænnar handritamenningar á 15. og 16. öld. Ljósi er varpað á ólíkar birtingarmyndir umhverfis og náttúru í fjölbreyttu úrvali fornra sagna og kvæða. Grunnhugmynd í verkinu er lífrænt hreyfiafl bókmennar og menningarleg fjölbreytni sem kallast á við líffræðilega fjölbreytni. Meginmarkmið er að greina og skýra náttúruskyn sem er gerólikt nútímaskilningi, til þess að betur sé hægt að átta sig á að hugmyndir fólks um náttúrur eru breytilegar eftir sögulegu og menningarlegu samhengi og ekkert sjálfsagt í þeim efnum. Verið er að ljúka hreinritun bókarinnar og stefnt að útgáfu síðar á árinu eða á því næsta.

Svartárkot, menning – náttúra

Unnið var að frekari þróun verkefnisins Svartárkot, menning – náttúra (SMN) sem Víðar hrinti af stað á vegum ReykjavíkurAkademíunnar í samstarfi við ábúendur í Svartárkoti í Bárðardal árið 2006. Verkefnið hefur staðið að framsæknum rannsóknnum og alþjóðlegum námskeiðum um sambúð manns og náttúru í samstarfi við heimamenn í Bárðardal og Mývatnssveit. Á árinu var áfram unnið að uppbyggingu HULDU náttúruhugvísindaseturs sem staðsett er í Gíg í Mývatnssveit og er samstarfsvettvangur SMN og Stofnunar fræðasetra við Háskóla Íslands sem nú hefur stofnað nýtt rannsóknasetur í Umverfishugvísindum, staðsett er í Gíg. Nýráðinn forstöðumaður er Auður Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur. Í samstarfi SMN við Wright Ingraham Institute í Bandaríkjunum var haldið vel heppnað námskeið 29. júlí-11. ágúst 2023. Þátttaka var góð og námskeiðið vel heppnað. SMN stefnir að áframhaldandi samstarfi við stofnunina, hið nýja rannsóknasetur HÍ og fleiri aðila, um fleiri alþjóðleg námskeið á næstu árum.

Heildarkortlagning óbyggðra víðerna á Íslandi



Kort af víðernum Íslands e. Carver et al., desember 2023. Víðernagildi frá því hæsta til lægsta: Dökkblátt – blátt – grænt – gult – grátt (utan víðerna).

Árið 2021 hófst vinna við kortlagningu víðerna miðhálandis Íslands. Dr. Steve Carver, prófessor í endurheimt villtrar náttúru og víðerna („Professor of Rewilding and Wilderness Science“) við Háskólann í Leeds í Bretlandi og forstöðumaður háskólastofnunarinnar Wildland Research Institute, fór fyrir rannsóknarverkefninu sem unnið var af hópi sérfræðinga við háskólastofnunina. Snæbjörn Guðmundsson, jarðfræðingur við Náttúruminjasafnið, var annar tveggja innlendra sérfræðinga sem kom að kortlagningunni, sem sérfræðingur í jarðfræði og náttúruferi Íslands. Verkefnið var unnið að ósk fjögurra íslenskra náttúruverndarsamtaka (Náttúruverndarsamtaka Íslands, Skrauta, Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi og Ungra umhverfissinna), og sneri að því að kortleggja óbyggð víðerni (e. wilderness areas) sem eru þau svæði sem eru ósnortin (eða hvað ósnortnust) af mannavöldum.

[Lokaskýrsla](#) um víðernakortlagningu miðhálandisins og helstu niðurstöður hennar voru kynntar í mars 2022 á málþingi í Þjóðminjasafni Íslands (sjá umfjöllun á [Vísí](#)).

Árið 2019 hafði dr. Carver ásamt sama hópi við Háskólann í Leeds og hinum sömu innlendu sérfræðingum unnið að kortlagningu óbyggðra víðerna Ófeigsfjarðarheiðar [<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/28566/Hvala%CC%81-Power-Plant-ProposallImpacts-on-Wilderness.pdf>] á Vestfjörðum í tengslum við virkjunarframkvæmdir í Hvalá, að ósk samtakanna ÓFEIGAR.

Ritrynd grein um kortlagningu víðerna miðhálandisins var birt í sérriti um þjóðgarða og verndarsvæði í tímaritinu Land snemma árs 2023, sjá Carver et al. 2023, [New Approaches to Modelling Wilderness Quality in Iceland](#).

Í mars 2023 óskuðu Landmælingar Íslands eftir því við dr. Carver að fá aðgang að gögnum að baki víðernagreiningarinnar til notkunar fyrir sérfræðinga faghópa verkefnisstjórnar fimmta áfanga rammaáætlunar. Á síðari helmingi árs 2023 hófst svo vinna sama hóps og fyrr undir stjórn dr. Carver við að ljúka víðernakortlagningu alls Íslands með sömu aðferðafræði og notuð hafði verið við fyrri áfanga verkefnisins. Er það í samræmi við ákvæði í náttúruverndarlögum sem gera það nauðsynlegt að beita alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði til að kortleggja víðerni Íslands. Þeirri vinnu lauk í byrjun desember 2023 og fengu faghópar fimmta áfanga rammaáætlunar aðgang að þeim gögnum í kjölfarið. Kortið hefur verið gert aðgengilegt á [map.is](#) undir flípanum „Ýmis kortagögn“ en frekari upplýsingar um verkefnið eru á síðunni [vidernakort.is](#).

Rannsóknarstyrkir og samstarf



Íslandssléttbakur í fjöru við hvalstöð á Framnesi, Dýrafirði. Myndin er tekin 1891, sama ár og íslandssléttbakurinn var veiddur sem verður á sýningunni í Náttúruhúsi í Nesi. © Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Íslandssléttbakur

Náttúruminjasafnið stóð fyrir umsóknarskrifum í rannsóknarsjóð Rannsóknarmiðstöðvar Íslands (Rannís) vegna verkefnis um íslandssléttbaka. Verkefnið tengist sýningunni sem fyrirhuguð er í nýju höfuðstöðvum safnsins en einn aðalkjörgripur þeirrar sýningar er beinagrind af íslandssléttbak sem fengin verður að láni frá Náttúruminjasafni Danmerkur. Heitið á verkefninu var „A former realm of giants: Impact of hunting and climate fluctuations on right whales (*Eubaleana glacialis*) and blue whales (*Balaenoptera musculus*) in Icelandic waters“. Samstarfsaðilar í verkefninu voru Snæbjörn Pálsson prófessor í líffræði við Háskóla Íslands, Edda Elísabet Magnúsdóttir lektor í líffræði við Háskóla Íslands, Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur og rannsóknarsérfræðingur við Háskóla Íslands, Hilmar Malmquist og Ragnhildur Guðmundsdóttir frá Náttúruminjasafni Íslands, Morten Tang Olsen dósent við Kaupmannarhafnarháskóla, Peter Rask Møller dósent við Kaupmannarhafnarháskóla og Náttúruminjasafn Danmerkur auk fjölda annarra samstarfsaðila. Því miður fékkst styrkurinn ekki en stefnt er á að sækja um aftur í júní 2024.

Nordic Biodiversity Framework

BIODICE sótti um styrk til vinnuhóps um líffræðilega fjölbreytni á vegum Norrænu Ráðherranefndarinnar fyrir verkefni um mat á stöðu mála varðandi innleiðingu markmiða KunmingMontréal samnings Sameinuðu þjóðanna um verndun á líffræðilegri fjölbreytni. Verkefnið er samnorrænt og eru samstarfsaðilarnir þau Hanna-Kaisa Lakka, Emily Knott og Katja Räsänen frá Háskólanum í Jyväskylä í Finnlandi og Katherine Richardson, Carsten Rahbek og Lars Dinesen við Globe Institute við Kaupmannarhafnarháskóla. Verkefnið er sett upp sem þriggja ára verkefni og fékkst styrkur fyrir fyrsta árinu uppá 31 milljón ISK.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Þrjár styrkir hlutust úr Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir sumarið 2023. Tveir styrkir voru fyrir verkefnið Örverur í gegnum linsuna sem var unnið í samstarfi við Odd Þór Vilhelmsson, prófessor við Háskólann á Akureyri. Nemendurnir sem voru ráðnir í það verkefni voru Katrín Hersisdóttir og Ole Martin Sandberg. Afrakstur verkefnisins var veggspjald sem kynnt var á Líffræðiráðstefnunni 2023 og loka-skýrsla um hvernig örverur voru notaðar sem innblástur fyrir hönnun á efni um líffræðilega fjölbreytni.

Einn styrkur fékkst fyrir verkefni um vistkerfi grunnvatns og var Þóra Atladóttir ráðin í það verkefni. Það snerist um að gera tilraunir með að safna sýnum með þrýstilofti úr lindaruppsprettum. Markmiðið var að athuga hvort aðferðina mætti nota til að safna lífverum innan úr lindaruppsprettunum en aðferðin hefur gefið góða raun í uppsprettum við Þingvallavatn. Í þessu verkefni var aðferðin notuð á fleiri stöðum. Verkefnið var unnið í samstarfi við Snædís Huld Björnsdóttur og Skúla Skúlason.

Rannís rannsóknasjóður

Determinants of spatio-temporal variability of life-history traits in small populations (dwarf char in caves around lake Mývatn). Verkefni með 7 þátttakendum frá Íslandi, Finnlandi og Skotlandi. Leitt af Háskólanum á Hólum og verkefnastjóri er Skúli Skúlason. Styrkur 2022-2024.

Horizon 2020 ArcticHUBS

Sustainability and resilience of northern communities. Verkefni með 22 þátttakendum frá 11 löndum og stjórnað frá Finnlandi. Íslendingar stýra fiskeldishópi verkefnisins ásamt tveimur öðrum löndum. Dr. Anna Guðrún Eðvarsdóttir stýrir verkefninu fyrir Íslands hönd og Skúli Skúlason vinnur með henni í verkefninu. Styrkur 2020-2024. Sjá nánar.

Safnkostur

Náttúruminjasafninu áskotnaðist hátt í 1000 muni árið 2023 og telur nú um 34.000 muni og bækur tengda náttúrunni. Allir munir sem safnið fékk á árinu voru frá velunnurum safnsins sem gáfu muni til safnsins.

Gjafir

Safnið fékk hátt í 1000 muni í gjafir frá velunnurum safnsins í ár. Meðal annars tvær stórar gjafir frá þrem jarðfræðingum, ásamt veglegu eggjasafni auk fugla og steina frá Valsársskóla. Einnig fékk safnið skjalaskápa með stærstum hluta af rannsóknargögnum Haralds Sigurðssonar eldfjallafræðings.



Stilbit frá Berufirði.

Steinasafn frá jarðfræðingi

Friedrich Loebich jarðfræðingur afhendi safninu þann hluta af steinasafni sínu sem safnað var á Íslandi og skilar því safninu heim. Steinarnir eru vel skráðir bæði hvað varðar tegundir, fundarstað og hvenær þeim var safnað. Steinarnir voru strax skráðir og myndaðir og eru þegar aðgengilegir inn á sarpur.is.

Náttúrugripir frá Valsárskóla

María Aðalsteinsdóttir fyrir hönd Valsárskóla á Svalbarðsströnd gaf safninu stórt eggjasafn auk fugla og steina og fleiri gripa sem skólinn eignaðist að mestu fyrir síðustu aldamót. Fjöldi eggja er um hálf tölva hundruð og tilheyrir um 30 fuglategundum og er mikill fengur af þessari viðbót í safnkost Náttúruminjasafnsins sem var fyrir fremur rýr hvað fuglasegg varðar. [Sjá nánar hér.](#)

Safn steingervinga og sérrita

Leifur A. Símonarson og Jón Eiríksson færðu safninu að gjöf um 200 íslenska og erlenda steingervinga, skeljar, steina og þunnisneiðar ásamt fjölda sérrita um íslenska steingervinga. Munirnir voru notaðir við kennslu í jarðsögu og er fyrirhugað að nýta safnið áfram við fræðslu og gera jafnvel fjölskylduviðburð um steingervinga í framtíðinni.

Sarpur

Þann 9. apríl 2023 voru hundruð ár liðin frá fæðingu Jóns Bogasonar frá Flatey á Breiðafirði, sem var náttúrufræðingur og sérfræðingur í sjávarhryggleysingjum. Því var hluti teikninga hans gerður aðgengilegur á sarpur.is. [Nánar.](#)

Nýjasta steinasafn Náttúruminjasafnsins frá jarðfræðingnum Friedrich Loebich er nú [aðgengilegt á Sarpur](#).

Unnið er að myndatöku fyrir aðra muni safnsins sem verður þá fullskráð í Sarpur.

Útlán muna

Náttúruminjasafnið lánar muni til sýninga og eru munir til sýningar hjá Perlu Norðursins og í Safnahúsi Listasafns Íslands.

Níu fuglar eru á sýningunni *Viðnám* í Safnahúsinu.



Náttúruminjasafnið gefur út á eigin vegum og í samvinnu við aðra prentefni um náttúru og náttúrusögu. Safnið heldur einnig úti vefsetrinu nmsi.is, [Facebook-síðu](#) og [Instagram-reikningi](#).

Náttúrufræðingurinn

Náttúrufræðingurinn er tímarit Hins íslenska náttúrufræðifélags og Náttúruminjasafns Íslands og hefur verið gefið út frá árinu 1931. Í febrúar 2014 gerðu félagið og safnið með sér samning um ritstjórn og útgáfu tímaritsins sem hefur frá og með 1. tölublaði 84. árgangs verið gefið út í nafni beggja. Greiðir hvor aðili helming af útgáfukostnaði og laun ritstjóra.

Ritstjóri Náttúrufræðingsins Margrét Rósa Jochumsdóttir hefur aðstoðu á skrifstofu Náttúruminjasafnsins.

Á árinu 2023 komu út tvö tvöföld hefti Náttúrufræðingsins.

Vefsetur Náttúrufræðingsins

Vefur tímaritsins opnaði í byrjun árs 2023. Á [vefnum](#) eru greinar blaðsins birtar, sem og annað innsent efni sem þykir falla vel að stafrænni útgáfu. Markmið vefsins er að vekja athygli á Náttúrufræðingnum og gefa fleirum tækifæri til þess að lesa hann og gerast félagar Hins íslenska náttúrufræðifélags. Með því vinnur Náttúrufræðingurinn að því að auka áhuga og þekkingu á náttúrufræðum, umhverfsvísindum og umhverfismálum og hafa áhrif á viðhorf til náttúrunnar og til náttúruverndar.

Samfélagsmiðlar NMSÍ

Safnið heldur úti virkum aðgöngum á [Facebook](#) og [Instagram](#). Færslur á samfélagsmiðlum eru fjölbreyttar og löggö er áhersla á að fræða fólk um náttúruna, út frá líffræðilegu og jarðfræðilegu sjónarhorni auk þess sem miðlarnir eru nýttir til að auglýsa viðburði á vegum safnsins og gefa innsýn í starfsemi safnsins.

Ársskýrsla Náttúruminjasafnsins 2022

Ársskýrsla Náttúruminjasafnsins fyrir árið 2022 var gefin út í lok ársins. Skýrslan er eingöngu á rafrænu formi.

[Hér má lesa ársskýrslu ársins 2022 og hlaða henni niður sem pdf-skjali.](#)

nmsi.is – Vefsetur Náttúruminjasafns

Á vefsíðu Náttúruminjasafnsins er að finna margvíslegar upplýsingar um safnið. Þar eru viðburðir jafnframt auglýstir og sagðar fréttir af safninu og framgangi þess. Einnig er löggö áhersla á fræðslu um náttúruna út frá víðu sjónarhorni í svokölluðum „Fróðleiksmolum“ og fréttum.

Ritlisti

- Anthony Schultz, Ole Sandberg, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Skúli Skúlason. 2023. „Biodiversity conservation needs a more ecological context and transformational concept (commentary).” *Mongabay* (mongabay.com). Birt 17. febrúar 2023. <https://news.mongabay.com/2023/02/biodiversity-conservation-needs-a-conceptual-shift-and-be-more-ecologically-contextual-commentary/>
- Bouvier, L.D., J. R. Baylis, A. Klemetsen, B.K. Kristjánsson, J.L. Li, P. Magnan, R.L. McLaughlin, A.M. Muir, Y. Sakakura, and **S. Skúlason** 2023. „What is a fish? The life and legend of David L.G. Noakes.” *Environmental Biology of Fishes* 106: 725–757. DOI 10.1007/s10641-022-01344-3
- Carver, S., Konráðsdóttir, **S., Guðmundsson, S.**, Carver, B. and Kenyon, O. 2023. „New Approaches to Modelling Wilderness Quality in Iceland.” *Land* 2023, 12(2), 446. <https://doi.org/10.3390/land12020446>.
- Edda Elísabet Magnúsdóttir, Starri Heiðmarsson, Filipa Samarra, Isabel Barrio, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, **Hilmar J. Malmquist**, Guðmundur Árni Þórisson, Ásthildur Erlingsdóttir, Hermann Kári Hannesson, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Kalina H. Kapralova & Joe Roman. 2023. „Afskræmd umfjöllun um áhrif hvala í tengslum við loftslagsmálin.” *Vísir* (visir.is), Skoðun. Birt 31. ágúst 2023.
- Elvar Örn Friðriksson, **Snæbjörn Guðmundsson** og Árni Finnsson. 2023. Nýtt minnisblað um áhrif Hvammsvirkjunar á Þjórsárlaxinn. Birt 9. júní 2023. Slóð: <https://www.visir.is/g/20232425901d/nytt-minnisblad-um-ahrif-hvammsvirkjunar-athjorsarlaxinn>
- Emily J. R. Puerta, Xénia Keighley, Sean P. A. Desjardins, Anne Birgitte Gotfredsen, Shyong en Pan, Bastiaan Star, Sanne Boessenskoel, James H. Barrett, Morgan L. McCarthy, Liselotte W. Andersen, Erik W. Born, Lesley R. Howse, Paul Szpak, Snæbjörn Pálsson, **Hilmar J. Malmquist**, Scott Rufolo, Peter D. Jordan and Morten Tange Olsen. 2023. „Holocene deglaciation drove rapid genetic diversification of Atlantic walrus.” *Proceedings Royal Society B*. 290 (2007), Article 20231349. DOI: <https://dx.doi.org/10.1098/rspb.2023.1349>.
- Helga Aradóttir. 2023. „Náttúra, söfn og sjálfbærni.” *Vísir* (visir.is). Birt 18. maí 2023. www.visir.is/g/20232416390d/nattura-sofn-og-sjalf-baerri
- Hilmar J. Malmquist. 2023. „Aðför að safnageiranum.” *Vísir* (visir.is). Birt. 27. apríl 2023. (tengill: <https://www.visir.is/g/20232407315d/adfor-ad-safnageiranum>)
- Hilmar J. Malmquist. 2023. „Hvalir og kolefni.” *Vísir* (visir.is). Birt 29. ágúst 2023. (tengill: <https://www.visir.is/g/20232455996d/hvalir-og-kolefni>)
- Hilmar J. Malmquist. 2023. „Samtök ferðabjónustunnar á villigötum.” *Vísir* (visir.is). Birt 22. mars 2023. (tengill: <https://www.visir.is/g/20232393040d/sam-tok-ferda-thjonustunnar-a-villi-gotum>)
- Karl Gunnarsson, Davíð Gíslason, Sindri Gíslason, **Hilmar J. Malmquist** & Joana Micael. 2023. „Mollusc on the move; First record of the Newfoundland’s razor clam, *Ensis terranovensis* Vierna & Martínez-Lage, 2012 (Mollusca; Pharidae) outside its native range.” *BiolInvasions Records* 12 (39): 765–774. DOI: <https://doi.org/10.3391/bir.2023.12.3.12>
- Katrín Hersisdóttir og **Ole M. Sandberg**. 2023. „Örverur í gegnum linsuna.” Lokaskýrsla. Nýsköpunarsjóður námsmanna. Rannís.
- Leblanc, C.A., C. Schreck, B.K. Kristjánsson, **S. Skúlason**, and D.L.G. Noakes. 2023. „Egg size related traits during the first year of growth and smolting in hatchery and wild juveniles of steelhead trout *Oncorhynchus mykiss*.” *Environmental Biology of Fishes* 106: 1061–1078. DOI 10.1007/s10641-022-01377-8
- Ole Sandberg. 2023. „Everything Changes in Nature’: Kropotkin’s Process Philosophy.” *Anarchist Studies*, 31(2), 16–33, DOI: 10.3898/AS.31.2.01 Slóð: <https://iris.rais.is/en/publications/everything-changes-in-nature-kropotkins-process-philosophy>
- Ole Sandberg. 2023. „Missing the Felt Sense: When Correct Political Arguments Go Wrong.” in Eric R. Severson & Kevin C. Krycka (eds.), *The Psychology and Philosophy of Eugene Gendlin: Making Sense of Contemporary Experience*, Routledge.
- Ole Sandberg. 2023. Progress report for Náttúruminjasafn Íslands.
- Pilakouta, N., J.L. Humble, I.D.C. Hil, J. Arthur, A.P.B. Costa, B.A. Smith, B.K. Kristjánsson, **S. Skúlason**, S.S. Killen, J. Lindström, N.B. Metcalfe, and K.J. Parsons. 2023. „Testing the predictability of morphological evolution in contrasting thermal environments.” *Evolution* 77(1): 239–253. DOI 10.1093/evolut/qpac018
- Pilakouta, N, S.S. Killen, B.K. Kristjánsson, **S. Skúlason**, J. Lindström, N.B. Metcalfe and K. J. Parsons. 2023. „Geothermal stickleback populations prefer cool water despite multigenerational exposure to a warm environment.” *Ecology and Evolution* 13. DOI 10.1002/ece3.9654
- Pilakouta, N., P.J. O’Donnell, A. Crespel, M. Levett, M. Claireaux, J.L. Humble, B.K. Kristjánsson, **S. Skúlason**, J. Lindström, N. B. Metcalfe, S. S. Killen, and K. J. Parsons. 2023. „A warmer environment can reduce sociability in an ectotherm.” *Global Change Biology*. DOI 10.1111/gcb.16451
- Ragnhildur Guðmundsdóttir, Anna Katrín Guðmundsdóttir, Arndís Bergsdóttir, Ole Sandberg, Þorvarður Árnason, Sveinn Kári Valdimarsson og Ástrós Eva Ársælsdóttir. 2023. [Hátið lifræðilegrar fjölbreytni – Vísir.](https://www.visir.is/g/20232426467d/bitcoinvirkjunin)
- Sindri Gíslason, Karl Gunnarsson, Sæmundur Sveinsson, Davíð Gíslason, **Hilmar Malmquist**, Ólafur Páll Jónsson1 & Joana Micael. 2023. „Colonization of *Ensis terranovensis* in Icelandic waters.” Abstract. 56th European Marine Biology Symposium (EMBS). Hotel Natura, Reykjavík, Iceland. September 4–8 2023.
- Sindri Gíslason, Karl Gunnarsson, Ólafur Páll Jónsson, Anna Bára Másdóttir, Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, Sæmundur Sveinsson, Davíð Gíslason, **Hilmar J. Malmquist** og Joana Micael. „Vöktun sindraskelja 2022.” NSV-2303. Lokuð skýrsla ásamt 3 viðaukum. Náttúrustofa Suðvesturlands. Maí 2023. 15 bls.
- Skúli Skúlason, Ole Sandberg, Snorri Sigurðsson, Ragnhildur Guðmundsdóttir & Tómas Grétar Gunnarsson. 2023. „Greinargerð í kjölfar málþings um vistkerfisnálgun.” (report on the Ecosystem Approach for the Icelandic Ministry of Food, Agriculture and Fishery. Written and edited with Skúli Skúlason. Slóð: https://biodice.is/wp-content/uploads/2024/04/Greinargerð_Biodice_matthing_210923.pdf
- Snæbjörn Guðmundsson. 2023. „Bitcoinvirkjunin” *Vísir* (visir.is). Birt 11. júní 2023. Slóð: <https://www.visir.is/g/20232426467d/bitcoinvirkjunin>

Snæbjörn Guðmundsson. 2023. „Hve mikil orka fer í bitcoin, Hörður?“ *Vísir* ([visir.is](https://www.visir.is)). Birt 14. júní 2023. Slóð: <https://www.visir.is/g/20232427615d/hve-mikil-orka-fer-i-bitcoin-hordur->

Snæbjörn Guðmundsson. 2023. „Hvammsvirkjunarklúður Landsvirkjunar“ *Vísir* ([visir.is](https://www.visir.is)). Birt 9. október 2023. Slóð: <https://www.visir.is/g/20232472713d/hvammsvirkjunarkludur-landsvirkjunar>

Snæbjörn Guðmundsson. 2023. „Viljum við gráa framtíð?“ *Vísir* ([visir.is](https://www.visir.is)). Birt 11. október 2023. Slóð: <https://www.visir.is/g/20232473756d/viljum-vid-graa-framtid->

Snæbjörn Guðmundsson. 2023. „Náttúruminjasafn Íslands – yngsta höfuðsafn Íslendinga.“ *Safnablaðið Kvistur*.

Snæbjörn Guðmundsson. 2023. „Landsvirkjun perlar“ *Vísir* ([visir.is](https://www.visir.is)). Birt 26. apríl 2023. Slóð: <https://www.visir.is/g/20232406828d/landsvirkjun-perlar>

Snæbjörn Guðmundsson. 2023. „Græðgin flytur fljót“ *Vísir* ([visir.is](https://www.visir.is)). Birt 12. maí 2023. Slóð: <https://www.visir.is/g/20232414192d/graedgin-flytur-fljot;>

Snæbjörn Guðmundsson. 2023. „Blekkingar Landsvirkjunar“ *Vísir* ([visir.is](https://www.visir.is)). Birt 31. maí 2023. Slóð: <https://www.visir.is/g/20232421867d/blekkingar-landsvirkjunar>

Viðar Hreinsson. 2023. „Raddir þagna. Hugvekja í framhaldi af bók Gísla Pálssonar, Fuglinn sem gat ekki flogið.“ *Náttúrufræðingurinn*, 93 (1-2). 68-75.

Viðar Hreinsson. 2023. „Jón lærði, vísindi í reifum og skapandi dyggðir.“ *Menning við ysta haf. Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða. Ritstj. Birna Bjarnadóttir og Ingi Björn Guðnason. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag: 189-208*

Viðar Hreinsson. 2023. „Hvað er/var/verður [N] áttúra(n)“? *Skírnir* 197, haust: 316-348.

Viðar Hreinsson. 2023. „Öld ofbeldis er ekki liðin – nú eru það börnin.“ <https://www.visir.is/8.November,https://www.visir.is/g/20232486109d/old-ofbeldis-er-ekki-lidin-nu-eru-thad-bornin>

Viðar Hreinsson. 2023. „Hagfræði, þekking, verðleikar og vistkerfi“ 1-5. <https://www.visir.is/19.november,2.desember,6.desember,9.desember,16.desember,https://www.visir.is/g/20232496199d/hagfraedi-thekking-verdleikar-og-vistkerfi-1> - <https://www.visir.is/g/20232496627d/hagfraedi-thekking-verdleikar-og-vistkerfi-2> - <https://www.visir.is/g/20232499369d/hagfraedi-thekking-verdleikar-og-vistkerfi-3> - <https://www.visir.is/g/20232500479d/hagfraedi-thekking-verdleikar-og-vistkerfi-4> - <https://www.visir.is/g/20232503846d/hagfraedi-thekking-verdleikar-og-vistkerfi-5>

Þóra Atladóttir. 2023. „Smádyralíf í grunnvatni á Íslandi.“ *Lokaskýrsla. Nýsköpunarsjóður námsmanna. Rannís*.

Fyrirlestrar/erindi og málþing

Anthony Schultz, Bjarni Kristófer Kristjánsson, Skúli Skúlason, Ole Sandberg, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Áki Jarl Láruson, Filipa Samarra, Christophe Pampoulie og Hanna-Kaisa Lakka. „IASC workshop on intraspecific diversity“. Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands, Vístis 24.-23. mars 2023, Laugarbakka Miðfirði.

Sjá: <https://nordicsocietioikos.glueup.com/event/icelandic-ecological-society-meeting-2023-70375/conference-programme.html#conference-programme>

Bjarni K. Kristjánsson og Skúli Skúlason. „Vísindamenn sem málsvarar/málþipur - tvær hliðar á sama peningi - “. Þverfræðileg vinnustofa í Háskólanum á Akureyri mánudaginn 11. desember 2023.

Bjarni K. Kristjánsson, Camille Leblanc og Skúli Skúlason. „How can eco evo devo approach guide our research on the importance of intraspecific diversity? An insight from studies on threespine stickleback.“ *Evolution, Diversity and Disease - New model systems for genetics, microevolution and environmental change. Symposium August 17-19 2023 at Hólar University and University of Iceland, í samstarfi við University of Calgary og stutt af styrk til University of Calgary, One Child Every Child*.

Bjarni K. Kristjánsson, Skúli Skúlason and Camille Leblanc. „The importance of within species diversity for conservation.“ 56th European Marine Biology Symposium September 4-8, 2023, Reykjavík. Sjá: <https://embs2023.com/programme/>

Camille Leblanc, Braden Judson, Grant Haines, Skúli Skúlason, Moira Ferguson, and Bjarni K. Kristjánsson. „Evolution under the lava: genetic and phenotypic structures of small populations of Icelandic Arctic charr, *Salvelinus alpinus*“. The 10th Charr Symposium in Nikkō, Japan, May 29th to June 2nd, 2023. Sjá: <https://sites.google.com/view/charr2023/program>

Hilmar J. Malmquist. 2023. „Náttúruminjasafn Íslands. Nýjar höfuðstöðvar – Björt framtíð.“ *Erindi (25 slæður)* flutt fyrir BA nema í safnafræði við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Lögberg, stofa 201. 15. febrúar 2023.

Hilmar J. Malmquist. „Náttúruminjasafn Íslands. Nýtt skipurit - Nýjar starfslýsingar - Nýjar höfuðstöðvar.“ *Kynning (11 slæður)* á starfsmannafundi Náttúruminjasafnsins. Suðurlandsbraut 26. apríl 2023.

Hilmar J. Malmquist. „Icelandic Museum of Natural History.“ *Kynning á starfsemi Náttúruminjasafnsins (15 slæður)* í tilefni af heimsókn menningarfulltrúa Möltu (Malta Heritage). Suðurlandsbraut 24. 20. september 2023.

Hilmar J. Malmquist og Anna Guðný Ásgeirsdóttir. *Kynning (20 slæður)* á fjármálahorfum og starfsmannamálum Náttúruminjasafnsins árið 2024. Suðurlandsbraut 24. 14. desember 2023.

Jóhanna Bergmann, Anna Leif Auðar Elíadóttir, Helga Aradóttir, Marta María Jónsdóttir, Kolbrún Kolbeinsdóttir, Ragnheiður Vignisdóttir, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Þóra Björg Andrésdóttir. 2023. „Skapandi ferðalag um menningarheiminn“ *Erindi flutt á Menntakvikvi á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. 29. September 2023*.

Ole Sandberg, Anthony Schultz og Skúli Skúlason. „Species is not a good unit for ecological conservation - a process perspective.“ *Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands, Vístis 23.-24. mars 2023, Laugarbakka Miðfirði*.

Ole Sandberg. „Within-Species Diversity: Summary and Findings of a Workshop“ (with Anthony James Schultz, Bjarni Kristófer Kristjánsson, Skúli Skúlason, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Áki Jarl Láruson, Filipa Samarra, Christophe Pampoulie, Hanna-Kaisa Lakka. *Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands, Vístis 23.-24. mars 2023, Laugarbakka Miðfirði*. Sjá: <https://nordicsocietioikos.glueup.com/event/icelandic-ecological-society-meeting-2023-70375/conference-programme.html#conference-programme>

- Ole Sandberg. „Liffræðilegur fjölbreytileiki á Slow Food-hátíð“ 2023. Sjá einnig viðtal í Bændablaðinu 10. nóvember 2023: <https://www.bbl.is/lif-og-starf/lif-ogstarf/lifraedilegur-fjolebreytileiki-a-slow-food-hatid>
- Ole Sandberg, Skúli Skúlason og Ragnhildur Guðmundsdóttir. BIODICE & HAFRO Open House Evening Event. 56th European Marine Biology Symposium September 4-8, 2023, Reykjavík. Sjá: <https://embs2023.com/programme/>
- Ole Martin Sandberg, Skúli Skúlason og Ragnhildur Guðmundsdóttir. „Species is not a good unit for ecological conservation - a process perspective.“ 56th European Marine Biology Symposium. Reykjavík BIODICE Session, 4.-8. september 2023. Sjá: <https://embs2023.com/programme/>
- Ole Sandberg. „Using Embodied Critical Thinking (ECT) in environmental education to help with emotionally challenging topics and diverse student backgrounds“. The Icelandic Teaching Academy's conference“ (Ráðstefna Kennsluakademíunnar), Háskóli Íslands, 26. mars 2023.
- Ole Sandberg. „Embodied thinking in environmental education“ at the session JARÐNÁND: Umhverfi, framtíð og huglíkami Hugvísindapíng at Hugvísindapíng, the conference of humanities, Háskóli Íslands, 10.-11. mars 2023.
- Ole Sandberg. „The philosophy of intraspecific diversity and its processes“, for the International Arctic Science Committee Workshop on Within-Species Diversity, Háskólinn á Hólum, 17. janúar 2023.
- Ole Sandberg. „Glacial Assemblages: From Vatnajökull to Global Justice“. Lecture for the GRÓ-GEST Gender and Environment visit to Höfn, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði, 11. maí 2023.
- Ole Sandberg. „Interdisciplinary Research: Philosophy and Biodiversity“. Háskóli Íslands, 2. febrúar 2023.
- Ole Sandberg. „Biodiversity starts in the stomach“. public lecture at BragðaGarður - Reykjavík Slow Food Festival in Grasagarðurinn Reykjavík, 20. Október 2023.
- Ole Sandberg. „Biodiversity, climate, and indigenous rights: a conversation inspired by the movie Let the River Flow“. Bío Paradís, organized by BIODICE, Bio Paradís, the embassy of Norway, the Institute for Gender, Equality and Difference (RIKK) and the Sustainability Institute at the University of Iceland Reykjavík, 12. október 2023.
- Ole Sandberg. Discussion about the movie Let the River Flow at Reykjavík International Film Festival (RIFF) in Háskólabío, Reykjavík. Organized by RIFF, BIODICE and Tromsø International Film Festival, 6. október 2023.
- Ole Sandberg. Presentation on the value of biodiversity in Iceland at open house for Hafrannsóknastofnun (the Icelandic Marine and Freshwater Research Institute), 4. september 2023.
- Ragnhildur Guðmundsdóttir. Kynning fyrir vinnustofu. Intraspecific diversity workshop IASC workshop. Háskólinn á Hólum. 16.-19. janúar 2023.
- Ragnhildur Guðmundsdóttir. „Liffræðileg fjölbreytni“. Kennsla á landvarðanámsskeiði fyrir Umhverfisstofnun, febrúar 2023.
- Ragnhildur Guðmundsdóttir. Kynning á Náttúruminjasafni Íslands. Föstudagsfyrirlestraróð Háskóla Íslands Reykjavík, 12. maí 2023.
- Ragnhildur Guðmundsdóttir, Anthony Schultz, Bjarni Kristófer Kristjánsson, Skúli Skúlason, Ole Sandberg, Áki Jarl Láruson, Filipa Samarra, Christophe Pampoulie og Hanna-Kaisa Lakka. „Within-Species Diversity: Summary and Findings of a Workshop.“ Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands, Vistís 23.-24. mars 2023, Laugarbakka Miðfirði.
- Ragnhildur Guðmundsdóttir, Edda Elísabet Magnúsdóttir, Rannveig Magnúsdóttir, Bjarni K. Kristjánsson og Skúli Skúlason. „Liffræðileg fjölbreytni – mikilvægasta mál samtímans“. Málstofa BIODICE um náttúrufræðimenntun og liffræðilega fjölbreytni haldin á Liffræðiráðstefnunni í Reykjavík 2023.
- Ragnhildur Guðmundsdóttir. „Microbes and the groundwater amphipod Crangonyx islandicus in cold spring sources in Iceland.“ Hádegiserindi fyrir örverufræðideild Háskólans í Vín. Flutt í gegnum Zoom.
- Ragnhildur Guðmundsdóttir og Helga Aradóttir. Náttúruminjasafn Íslands sem starfsvettvangur. Ráðstefna á Selfossi um náttúrufræðimenntun 14.-15. Apríl 2023.
- Ragnhildur Guðmundsdóttir, Ole Martin Sandberg og Skúli Skúlason. BIODICE Session. Biodiversity Festival 2023. 56th European Marine Biology Symposium í Reykjavík 4.-8. september 2023. Sjá: <https://embs2023.com/programme/>
- Skúli Skúlason, Christophe Pampoulie, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Kristinn Pétur Magnússon, Snæbjörn Pálsson, Starri Heiðmarsson, Sæmundur Sveinsson, Tómas Grétar Gunnarsson. „Af hverju getur skilningur á liffræðilegri fjölbreytni Íslands verið gott dæmi fyrir heiminn?“ Samstarfsvettvangurinn BIODICE. Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands, Vistís 23.-24. mars 2023, Laugarbakka Miðfirði.
- Skúli Skúlason, Ole Martin Sandberg og Ragnhildur Guðmundsdóttir. „BIODICE and the importance of biodiversity“. European Marine biology symposium 2023. Reykjavík.
- Skúli Skúlason. „Intraspecific diversity and its importance.“ Within-species Diversity Workshop, 16.-19. janúar 2023. Háskólinn á Hólum og BIODICE. Styrkt af IASC, sjá: <https://iasc.info/>.
- Sjá: <https://biodice.is/2023/01/15/within-species-diversity-workshop/>
- Skúli Skúlason. „Mikilvægi liffræðilegrar fjölbreytni“. Opnunarviðburður BIODICE, Safnahúsinu 23. febrúar 2023. Sjá: <https://biodice.is/2023/02/17/opnunarvidburdur-hatid-lifraedilegrar-fjolebreytni/>
- Skúli Skúlason. „Áætlanir og stefna um vindorkuver á Íslandi. Í upphafi skyldi endinn skoða“. Málþing Fuglaverndar um vindmyllur og áhrif þeirra á fuglalíf 21. mars 2023. Sjá: <https://fuglavernd.is/en/vidburdir/list/?tribe-bar-date=2023-03-21>
- Skúli Skúlason, Christophe Pampoulie, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Kristinn Pétur Magnússon, Snæbjörn Pálsson, Starri Heiðmarsson, Sæmundur Sveinsson, Tómas Grétar Gunnarsson. „Why can Iceland become a case-study of biodiversity for the globe?“ Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands, Vistís 24.-23. mars 2023, Laugarbakka Miðfirði.
- Sjá: <https://nordicsocietyoikos.glueup.com/event/icelandic-ecological-society-meeting-2023-70375/conference-programme.html#conference-programme>

Skúli Skúlason og Ole Martin Sandberg. „Fjölbreytni náttúrunnar og verðmæti hennar“. Náttúrusýn á 21. öldinni – málþing NMSÍ, ROCS og BIODICE föstudaginn, 14. apríl 2023. Sjá: <https://biodice.is/2023/03/31/natturusyn-a-21-oldinni-fjolbreytni-samfelags-ognatturu/>

Skúli Skúlason, Ole Martin Sandberg og Anthony Schultz. „In what way does the organismenvironment association drive the development and evolution of biological diversity?“ The organism and its environment - EMBL Symposium 9.-12. maí 2023. Sjá: https://www.embl.org/about/info/course-and-conference-office/events/EES-23-03/#vftabs_section-speakers

Skúli Skúlason (keynote speaker). „Conservation of biodiversity and freshwaters - experience from Iceland –“. 6th International Scientific Conference on Water „6th ISCW 2023“ 15.-16. júní 2023, Szarvas, Hungary. Sjá: <https://iscw.hu/wp-content/uploads/2023/07/Program-of-6th-ISCW-15-06-2023-4.pdf>

Skúli Skúlason (opening presentation). „Setting the stage. Evolution, Diversity and Disease - New model systems for genetics, microevolution and environmental change“. Symposium 17.-19. ágúst 2023 í Háskólanum á Hólum og Háskóla Íslands í samstarfi við University of Calgary og stutt af styrk til University of Calgary, One Child Every Child.

Skúli Skúlason, Ole Sandberg, Snorri Sigurðsson, Bryndís Marteinsdóttir, Edda Sigurdís Oddsdóttir og Hrönn Egilsdóttir. Yfirlitserindi fagaðila BIODICE um vistkerfislega nálgun: Hugtök, saga, alþjóðlegt og íslenskt samhengi og stöðumat. Málþing matvælaráðuneytis og BIODICE um vistkerfisnálgun við nýtingu auðlinda 21. september 2023 á Hilton Nordica. Sjá: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/09/22/Verndunliffraedilegrar-fjolbreytni-ein-staersta-askorun-samtimans/> og <https://biodice.is/2023/09/20/malthing-um-vistkerfisnalgun-i-umgengni-vid-og-nytingunatturu-islands/>

Skúli Skúlason. „Verðmæti líffræðilegrar fjölbreytni og sérstaða íslenskrar náttúru.“ Fyrirlestur í boði Landsvirkjunar. 4. október 2023.

Skúli Skúlason. „Verðmæti líffræðilegrar fjölbreytni og sérstaða íslenskrar náttúru.“ Fyrirlestur í boði Seðlabanka Íslands. 18. október 2023.

Skúli Skúlason. „Líffræðileg fjölbreytni og loftslagsmál - vistkerfisnálgun í landbúnaði.“ Fyrirlestur í boði Rannsóknamiðstöðvar landbúnaðarins fyrir bændur í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður. 20. nóvember 2023.

Skúli Skúlason. „Vísindastarfið á Hólum - hverju hefur það skilað skólanum og samfélaginu?“ Málþing til heiðurs Jóni Bjarnasyni 16. nóvember 2023. Sjá: <https://www.holar.is/is/moya/news/malthing-til-heidurs-joni-bjarnasyni>

Viðar Hreinsson. „Hvað er/var/verður (N) áttúra(n)?“ Opunarfyrirlestur á málþingi: NÁTTÚRUSÝN Á 21. ÖLDinni - FJÖLBREYTNÍ SAMFÉLAGS OG NÁTTÚRU. Náttúruminjasafn Íslands, ROCS rannsóknasetrið og BIODICE. Hátíð líffræðilegrar fjölbreytni 2023, Auðarsal - Veröld, húsi Vigdísar, 14. apríl 2023.

Viðar Hreinsson. „Man einhver eftir Helga í Holti?“ Erindi á vegum HULDU náttúruhugvísindaseturs, haldið á Kíðagili í Bárðardal 31. mars 2023.

Póra Atladóttir. „Diversity of teeth morphology in the copepod Cyclops abyssorum (G.O. Sars 1863) - Preliminary study“. Ráðstefna: Þróun, líffræðileg fjölbreytni og sjúkdómar. Háskólinn á Hólum 2023.

Veggspjöld

Katrín Hersisdóttir, Ole Martin Sandberg, Helga Aradóttir, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Oddur Þór Vilhelmsson. „Víxlverkun“. Kynning á fræðsluverkefninu „Örverur í gegnum linsuna“. Design School Kolding, Náttúruminjasafn Íslands, Háskólinn á Akureyri. Líffræðiráðstefnan 2023. Reykjavík.

Camille Leblanc, Krista M. Veijonen, Bjarni K. Kristjánsson, Leivur Janus Hansen, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Kári H. Árnason, Hilmar J. Malmquist, Kirsten S. Christoffersen and Agnes-Katharina Kreiling. „Temporal changes in feeding ecology and life histories of fishes in Faroese lakes.“ Veggspjald á ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands, Vistís 23.-24. mars 2023, Laugarbakka Miðfirði.

Mannauður



Hilmar J. Malmquist
forstöðumaður
PhD vistfræðingur

Hilmar var skipaður forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands í september 2013 og aftur í september 2018 til fimm ára.

hilmar.j.malmquist@nmsi.is



Anna Katrín Guðmundsdóttir
Verkefna- og viðburðastjóri
MPM verkefnastjóri

Hóf störf í janúar 2019. Anna Katrín er verkefna- og viðburðastjóri á sviði sýningarhalds og hefur umsjón með mannaúts-, markaðs- og kynningarmálum.

anna.k.gudmundsdottir@nmsi.is



Anthony Schultz
sérfræðingur
PhD líffræðingur

Hóf störf í febrúar 2021. Anthony sinnir rannsóknum og gagnaöflun á sviði líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi.

anthony.schultz@nmsi.is



Helga Aradóttir
safnkennari
MA kennari og hönnuður

Hóf störf í júní 2021. Helga hefur umsjón með og sinnir fræðslu og kennslu skólahópa á sýningum safnsins.

helga.aradottir@nmsi.is



Húni H. Malmquist
safnvörður

Hóf störf árið 2021.

huni.h.malmquist@nmsi.is



Klara Malín Þorsteinsdóttir
safnvörður og móttaka hópa
BA í listfræði

Hóf störf í október 2022. Klara skrifar á samfélagsmiðla fyrir safnið.

klara.m.thorsteinsdottir@nmsi.is



Margrét Rósa Jochumsdóttir
ritstjóri, MA í þróunarfræðum
MA í ritstjórn og útgáfu

Hóf störf í janúar 2022. Margrét er ritstjóri prentútgáfu Náttúrufræðingsins og vefútgáfu tímaritsins.

margret.r.jochumsdottir@nmsi.is



Ole Martin Sandberg
sérfræðingur
PhD heimspekingur

Hóf störf í júlí 2021 í tímabundinni hlutastöðu. Ole fæst við rannsóknir og miðlun á sviði líffræðilegrar fjölbreytni, einkum hvað varðar heimspekilega og siðfræðilega afstöðu manna til náttúrunnar.

oms@hi.is



Ragnhildur Guðmundsdóttir
sérfræðingur
PhD líffræðingur

Hóf störf í júní 2021. Ragnhildur sinnir fræðslu og kennslu á sýningum safnsins og stundar rannsóknir og gagnaöflun á sviði líffræðilegs fjölbreytileika á Íslandi.

ragnhildur.gudmundsdottir@nmsi.is



Skúli Skúlason
sérfræðingur
PhD líffræðingur
prófessor

Hóf störf í janúar 2019. Helstu verkefni lúta að líffræðilegum fjölbreytileika og siðferðilegum álitamálum í samskiptum manns og náttúru. Skúli gegnir hálfri stöðu hjá Náttúruminjasafninu og hálfri stöðu hjá Háskólanum á Hólum.

skuli.skulason@nmsi.is



Snæbjörn Guðmundsson
sérfræðingur
BS jarðfræðingur

Hóf störf í janúar 2021. Snæbjörn er fagstjóri jarðfræði og náttúruverndar, hefur umsjón skráningu jarðminja og jarðfræðisýna auk verkefna sem lúta að rafrænni og stafrænni fræðslu.

snaebjorn.gudmundsson@nmsi.is



Viðar Hreinsson
sérfræðingur
Mag.art. bókmenntafræðingur;
BA íslenskufraeðingur

Hóf störf í janúar 2019. Sinnir rannsóknnum í umhverfshugvísindum og menningarsögu náttúruvísinda.

vidar.hreinsson@nmsi.is



Benný Brynjarsdóttir
ræstitæknir

Hóf störf árið 2007.
Annast ræstingar og þrif.



Þóra Björg Andrésdóttir
safnkennari,
MS jarðfræðingur

Hóf störf janúar 2019. Þóra Björg hefur umsjón með gagnaskráningum safnsins, heldur utan um jarðfræðiverkefni og sinnir fræðslu og viðburðum á sviði jarðfræði í sýningahaldi safnsins.

thora.b.andresdottir@nmsi.is



Þorgerður Þorleifsdóttir
sérfræðingur og safnvörður,
BS líffræðingur, dipl. í safnafræði

Hóf störf í janúar 2019. Þorgerður kemur að rannsóknnum í vatnalíffræði, hefur umsjón með votrími og vatnalífverum á sýningu safnsins í Perlunni og sér um varðveislu muna og geymslur safnsins í Sundaborg.

thorgerdur.thorleifsdottir@nmsi.is

Nokkrar breytingar urðu í starfsliði Náttúruminjasafns Íslands á árinu 2023. Það fækkaði í hópnum sem nemur um 1,5 ársverki vegna aðhaldsaðgerða að kröfu menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Þeir sem létu af störfum voru Anthony Schultz sérfræðingur í hlutastarfi í málefnum líffræðilegrar fjölbreytni, Benedikt Traustason sérfræðingur í plöntuvistfræði og umsjónarmaður lifandi gróðurs á sýningu safnsins í Perlunni, Benný Brynjarsdóttir sem séð hafði um þrif og ræstingar hjá safninu frá upphafi, þ.e. árinu 2007, Hrefna Berglind Ingólfssdóttir fjármálastjóri í hlutastarfi sem hætti störfum um sumarið og Þorgerður Þorleifsdóttir sérfræðingur og safnvörður í hlutastarfi sem lét af störfum síðla í júní. Nýir starfsmenn sem bættust í starfshópinn á árinu voru Anna Guðný Ásgeirsdóttir sem kom til liðs við safnið um haustið í tímabundna stöðu fjármálastjóra, Una Margrét Erludóttir safnvörður sem var fastráðin í 50% starfshlutfall 1. október og Ole Martin Sandberg sérfræðingur í hlutastarfi í málefnum líffræðilegrar fjölbreytni.

Í árslok 2023 störfuðu tíu manns hjá Náttúruminjasafninu, þar af fimm í hlutastörfum. Alls voru ársverkin við safnið tíu talsins.

Starfspróun

Europarc conference 2023

Í byrjun október 2023 sátu tveir starfsmenn Náttúruminjasafnsins alþjóðlega ráðstefnu um þjóðgarða. Ráðstefnan er haldin árlega og ber nafnið Europarc. Hún var að þessu sinni haldin í Leuwarden í Hollandi. Þema ráðstefnunnar var virðing fyrir landlagi þar sem náttúra og fólk mætast í sátt og samlyndi. Ráðstefnuferðin var fjármögnuð í gegnum starfsmenntunarsjóð BHM.

Starfsmennirnir nýttu tímann vel bæði til að efla tengsl og fræðast um náttúru-miðlun og ekki síst til að skoða söfn og sýningar.

Farskóli FÍSOS – fagraðstefna safnafólks

Farskóli FÍSOS er árleg ráðstefna fagfólks á íslenskum söfnum, skipulögð af Félagi íslenskra safna og safnmanna. Í október fór starfsmaður Náttúruminjasafnsins á ráðstefnuna sam haldin var í Amsterdam. Mikið var lagt í heimsóknir á mismunandi söfn með leiðsögn sérfræðinga og fyrirlestra um mismunandi þætti, meðal annars miðlun og fræðslu í gegnum netmiðla. Einnig mismunandi leiðir til að auka aðgengi að söfnum.

Grænu skrefin

Náttúruminjasafn Íslands steig fimmta og síðasta græna skrefið árið 2022 og leggur mikla áherslu á að ná háu flokkurnarhlutfalli á úrgangi á grænni vegferð. Safninu hefur lengi verið umhugað um umhverfismál og var góður grunnur til staðar þegar vinnan við Grænu skrefin hófst fyrir nokkrum árum.

Markmið Grænu skrefanna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnana og efla umhverfisvitund starfsmanna. Þátttaka veitir stofnunum tækifæri til að innleiða með kerfisbundnum hætti öflugt umhverfisstarf undir handleiðslu Umhverfisstofnunar. Verkefnið er fjármagnað af umhverfis- og auðlindaráðuneyti og því safninu að kostnaðarlausu.



GRÆN SKREF

Fjármál

Framlag ríkissjóðs til rekstrar Náttúruminjasafns Íslands árið 2023 nam 146,9 m.kr. og hækkaði um 17% frá árinu 2022.

Útgjöld námu alls 272,8 m.kr. og hækka um 36,6 m.kr. milli ára. Sértekjur námu 40,1 m.kr. Tekjur af sýningarhaldi í Perlunni námu 20,0 m.kr., borið saman við 14,3 m.kr. 2022, þegar lokunar vegna COVID-19 faraldursins gætti enn. Helstu tekjur aðrar er 7,1 m.kr. hlutdeild Hins íslenska náttúrfræðifélags í útlögðum kostnaði stofnunarinnar vegna útgáfu Náttúrufræðingsins, 4,7 m.kr. styrkframlag frá Barnamenningarsjóði, 5,0 m.kr. framlag frá Hólaskóla til Biodice verkefnisins og 1,5 m.kr. styrkur frá Matvælaráðuneytinu, sömuleiðis til Biodice verkefnisins. Útgjöld umfram sértekjur námu 232,7 m.kr., sem eru 65,3 m.kr. umfram 146,9 m.kr. rekstrarframlag ríkissjóðs, þannig að halli af rekstri árið 2023 varð 65,3 m.kr.

Launakostnaður nam alls 153,5 m.kr. (56,3 % af heildarkostnaði stofnunarinnar) og hækkar um 9% milli ára. Launakostnaður án orlofskuldbindinga lækkar hins vegar um 4,5% milli ára (141,5 m.kr. 2023 borið saman við 148,2 m.kr. 2022) þrátt fyrir ríflega 7% kjarasamningshækkun launa frá aprílmánuði 2023 enda minnkar meðalfjöldi stöðugilda um 11% milli ára (10,6/2023; 11,7/2022; 12,1/2021.). Ferðakostnaður nam alls 0,8 m.kr. og lækkar mikið frá fyrra ári þegar hann varð alls 4,2 m.kr. Aðkeypt þjónusta nam 76,3 m.kr. og hækkar um 26,2 m.kr. milli ára. Vega þar þyngst samningsgreiðslur til hollenskra sýningarhönnuða nýrrar sýningar í Náttúruhúsinu í Nesi (40,2 m.kr. árið 2023).


Kostnaður vegna undirbúnings sýningar í Náttúruhúsinu í Nesi nam 49,2 m.kr. á árinu og er kostnaðurinn þar með kominn í alls 83,5 m.kr. (49,2 m.kr./2023; 17,9 m.kr./2022 (þar af laun 10,1 m.kr.); 12,7 m.kr./2021 (þar af laun 10,5 m.kr.); 3,7 m.kr./2020). Þessi kostnaður er hluti af heildarkostnaði stofnunarinnar í rekstarreikningum viðkomandi ára og skýrir hluta hallans 2022 og 2023, en stofnunin fékk 100 m.kr. ríkisframlag í árslok 2020 til undirbúnings sýningargerðinni.

1. tafla. Rekstraryfirlit Náttúruminjasafns Íslands árin 2023 og 2022 (kr)

	2023	2022	Breyting (%)
Sértekjur alls	-40.108.406	-37.392.596	7,3%
Launakostnaður	153.492.554	140.721.308	9,1%
Ferðir og fundir	2.359.024	6.367.589	-63,0%
Rekstrarvörur	1.630.301	2.712.652	-39,9%
Aðkeypt þjónusta	76.341.242	50.140.496	52,3%
Húsnæði	16.814.643	15.437.357	8,9%
Bifreiðar og vélar	3.002	52.183	-94,2%
Afskriftir	20.488.649	20.496.199	0,0%
Annar rekstrarkostnaður	1.695.316	272.119	523,0%
Útgjöld alls	272.824.731	236.199.903	15,5%
Útgjöld umfram sértekjur alls	232.716.325	198.807.307	17,1%
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	-146.900.000	125.900.000	
Framlag til afskrifta	-20.488.649	-20.496.199	
Framlag ríkissjóðs alls	-167.388.649	-146.396.199	
Niðurstaða - afkoma ársins	65.327.676	52.411.108	

Framlag til fjárfestinga 2023 nam 0,9 m.kr., sem er hækkun um 0,1 m.kr frá 2018. Fjárfest var fyrir 1,1 m.kr. (þar af 1,0 m.kr tölvubúnaður fyrir starfsfólk) sem er 0,2 m.kr. umfram fjárfestingaheimild.

1. mynd. Kökurit sem sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda Náttúruminjasafns Íslands eftir rekstrarliðum á árinu 2023.



● Laun og launatengd gjöld	56%
● Ferðir, fundir, akstur	1%
● Rekstrarvörur	1%
● Aðkeypt þjónusta	28%
● Húsnæði	6%
● Annar rekstrarkostnaður	1%
● Afskriftir	8%

Náttúruminjasafn Íslands

Náttúruminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins, eitt þriggja höfuðsafna landsins og starfar samkvæmt lögum um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 og safnalögum nr. 141/2011.

Meginhlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að miðla þekkingu og fróðleik um náttúru Íslands, náttúrusögu, nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvernd og tengsl náttúru landsins við umheiminn. Í því skyni stundar safnið rannsóknir á sínu sviði og gengst fyrir sýningarhaldi, útgáfu og viðburðum, og stuðlar þannig að auknu aðgengi almennings að náttúruarfinum, varðveislu hans og sjálfbærri umgengni við hann. Náttúruminjasafnið hefur það jafnframt að leiðarljósi með starfsemi sinni að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru og vísinda.

Náttúruminjasafnið skal vera opið almenningi og starfa í þágu almennings. Safnið skal vera framsækið, áhugavert og faglega leiðandi höfuðsafn á sviði náttúrufræða og ein af grunnstoðum samfélagsins í menntun og upplýsingagjöf um umhverfi og náttúru. Starfsemi Náttúruminjasafnsins skal miða við þarfir sem flestra, óháð aldri, kyni, félagslegri stöðu eða uppruna. Það skal vera vettvangur lífandi og gagnrýnnar umræðu um náttúru og umhverfismál og beita sér fyrir kynningu á því nýjasta og markverðasta sem efst er á baugi hverju sinni í þeim efnum.



Ásskýrsla Náttúruminjasafns Íslands 2023

Ljósmyndir: Gyða Henningsdóttir,
Einar Guðmann og starfsfólk
Náttúruminjasafns Íslands

© Náttúruminjasafn Íslands 2024. | Ritstjóri: Margrét Rósa Jochumsdóttir
Hönnun og uppsetning: Ingi Kristján Sigurmarsson